

# AFLAATÚN

8-9 ÁRA



© 2012 Aflatoun, Child Savings International | [www.aflatoun.org](http://www.aflatoun.org)

Stofnun um fjármálalæsi | Menntavegi 1, 101 Reykjavík | s. 599 6540 | [www.fe.is](http://www.fe.is) | [www.aflatun.is](http://www.aflatun.is)

# Efnisyfirlit

Formáli.....	5
Inngangur að Aflatún námsefninu.....	6
Saga og tildrög Aflatún námsefnisins .....	6
Logi Aflatún.....	7
Fimm grunnþættir Aflatún námsefnisins .....	8
Kennsluleiðbeiningar fyrir þetta hefti .....	10
Fundur 1: Aflatún félagið okkar.....	12
Kennsluleiðbeiningar.....	12
Bréf frá Loga Aflatún .....	13
Fundur 2: Gönguferð um hverfið .....	14
Kennsluleiðbeiningar.....	14
Bréf frá Loga Aflatún .....	15
Fundur 3: Aflatún kistillinn .....	16
Kennsluleiðbeiningar.....	16
Bréf frá Loga Aflatún .....	17
Fundur 4: Sparibaukurinn og sparnaðarbókin.....	19
Kennsluleiðbeiningar.....	19
Upplýsingar fyrir foreldra .....	20
Bréf frá Loga Aflatún .....	22
Fundur 5: Búum til spil... og spilum það svo .....	25
Kennsluleiðbeiningar.....	25
Bréf frá Loga Aflatún .....	27
Fundur 6: Óskalistinn.....	28
Kennsluleiðbeiningar.....	28
Bréf frá Loga Aflatún .....	29
Fundur 7: Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.....	32
Kennsluleiðbeiningar.....	32
Um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna .....	32
Bréf frá Loga Aflatún .....	35
Fundur 8: Peningar .....	37
Kennsluleiðbeiningar.....	37
Um íslensku peningana .....	41

Bréf frá Loga Aflatún .....	43
Fundur 9: Að fara sparlega með auðlindir, endurvinna og endurnýta.....	44
Kennsluleiðbeiningar .....	44
Bréf frá Loga Aflatún .....	46
Fundur 10: Aflatún félagar .....	49
Kennsluleiðbeiningar .....	49
Bréf frá Loga Aflatún .....	50
Lok: Viðurkenningarskjal (síðasti fundurinn eða í lok síðasta fundar) .....	51
Kennsluleiðbeiningar.....	51
Bréf frá Loga Aflatún .....	53
Skemmtilegir leikir.....	54
Nafnaleikurinn.....	54
Stólaleikur.....	54
Tíu fingur .....	54
Bundin í hnút.....	54
Látbragðsleikur.....	55
Myndastyttur.....	55
Hópmyndir.....	55
Að túlka tilfinningar.....	56
Völundarhús .....	56
Hraðsending .....	56
„Ef ég væri ...“ .....	57
Viðbótarverkefni.....	58
Aflatún félagið sem drifkraftur breytinga.....	58
Framtíðardraumar .....	58
Turninn .....	58
Hóparnir okkar.....	59
Þarfir og langanir .....	59
Alþjóðlegi Aflatún dagurinn 17. mars.....	59
Innkaupalisti og verðkönnun.....	60
Það sem Aflatún félagar venja sig á að gera reglulega.....	60

## Formáli

... ?

## Inngangur að Aflatún námsefninu

Aflatún er sérþróað námsefni fyrir börn og unglinga í fjármálalæsi, samfélagsábyrgð og frumkvöðlastarfsemi. Námsefnið í þessu hefti hentar fyrst og fremst aldurshópnum 8-9 ára. Þróun Aflatún námsefnisins hófst á Indlandi fyrir nær 20 árum þegar leitast var við að veita börnum, sem oft þjuggu við erfiðar félagslegar aðstæður, grunnþekkingu í fjármálum og á sama tíma upplýsa þau um réttindi sín og skyldur. Námsefnið náði til rúmlega 1,1 milljón barna í tæplega 80 löndum um mitt ár 2012 en stefnan er sett á að ná til 10 milljón barna í 120 löndum árið 2015.

Aflatún námsefnið byggir á þeirri hugmyndafræði að börn séu fær um að breyta eigin lífi til hins betra og hafa góð áhrif á samfélag sitt. Börn eru talsmenn framtíðarinnar og geta verið hreyfiafl félagslegra og fjárhagslegra breytinga. Til þess að börn séu fær um að nýta þessa krafta sína er grundvallaratriði að þau þekki réttindi sín og skyldur og að þau viti hvert og hvernig þau eiga að sækja réttindi sín.

Í stuttu máli má segja að markmið Aflatún námsefnisins sé tvenns konar. Annars vegar að fræða nemendur um réttindi sín og skyldur, meðal annars eins og þau eru skilgreind samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hins vegar að auka þekkingu þeirra á mikilvægi þess að leggja reglulega fyrir, skipuleggja sig til að ná markmiðum (fjárhagslegum sem öðrum) og fara vel með öll verðmæti og auðlindir, sama hvers eðlis þau eru. Námsefnið miðar einnig að því að auka sjálfstraust nemenda og sannfæra þá um að þeir geti valdið straumhvörfum í lífi sínu og samfélagi. Það eina sem þarf er grunnþekking á umhverfinu og samfélaginu, hæfni til að skipuleggja sig og vinna saman, jákvætt viðhorf til virkrar þátttöku og vilji til að framkvæma. Lögð er áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir einstaklingar sem jafnframt séu hluti af samfélagi og að kraftar þeirra geti skipt sköpum til að vera hreyfiafl jákvæðra breytinga.

Nemendur eru ávallt miðpunktur kennslunnar og eru hvattir til þátttöku með leikjum, lífandi umræðum og skapandi athöfnum og verkefnum. Nemendur eiga fyrst og fremst að læra í verki og með því að rannsaka, athuga og framkvæma sjálfir.

Námsefni Aflatún er Íslendingum að kostnaðarlausu, í boði hollensku góðgerðarsamtakanna *Child Savings International*. Einungis þarf að kosta þýðingar, staðfæringu og útgáfu. Tengiliður Aflatún á Íslandi er *Stofnun um fjármálalæsi* sem hefur annast gerð kennsluefnisins á íslensku.

Allir leiðbeinendur/kennarar sækja sérsniðið námskeið áður en þeir hefja kennslu námsefnisins þar sem farið er yfir hugmyndafræði, kennsluaðferðir og inntak Aflatún námsefnisins.

## Saga og tildrög Aflatún námsefnisins

Hugmyndasmiður Aflatún námsefnisins er indversk kona að nafni Jeroo Billimoria. Billimoria starfaði lengi með götubörnum í Mumbai á Indlandi og má rekja tildrög námsefnisins til reynslu hennar af þeim vettvangi. Í störfum sínum aðstoðaði hún börn við að vinna sig út úr fátækt, eiturylfjaneyslu og vændi og kom meðal annars á fót neyðarlínu sem börnin gátu hringt í og leitað sér aðstoðar hjá allan sólarhringinn.

Billimoria sá að flest þeirra barna sem leituðu sér aðstoðar voru hæfileikarík, hugrökk, klár, nýjungagjörn og skapandi. En þrátt fyrir þetta snéru mörg þeirra aftur til fyrra lífs. Billimoria telur að


rót vandans megi rekja til vanþekkingar barnanna á réttindum sínum og skyldum annars vegar og hins vegar á fjármálum. Vanþekking á þessum þáttum væri þannig ein meginskýring þess hve erfitt reynist að uppræta efnahagslegan og félagslegan ójöfnuð í heimalandi hennar og víðar.

Billimoria telur því að það sé grundvallaratriði að börn fái viðeigandi fræðslu um réttindi sín og uppbyggjandi leiðsögn um það hvernig þau geta nýtt hæfileika sína og verðmæti til þess að breyta lífi sínu til hins betra. Í kjölfarið stofnaði Billimoria góðgerðarsamtökin *Child Savings International* sem helgaði sig fræðslu um samfélags- og fjármál fyrir börn með það að markmiði að aðstoða þau úr vítahring fátæktar og óheilbrigðs lífnis. Það var markmið samtakanna að efla sjálfstraust barnanna, kynna þeim réttindi sín og skyldur og síðast en ekki síst að fræða þau um grundvallaratriði er varða fjármál og sparnað. Billimoria hóf tilraunakennslu á námsefninu í indverskum grunnskólum með góðum árangri. Í kjölfarið leitaði hún eftir samstarfi við fagfólk í öðrum löndum, sannfærð um að sambærilegt námsefni gæti orðið börnum um allan heim til hagsbóta með viðeigandi aðlögun að ólíkum menningarsvæðum.

Árið 2005 voru *Aflatoun* samtökin formlega stofnuð í Amsterdam í Hollandi. Meðlimir samtakanna eru ýmsar stofnanir, samtök, sjóðir og hreyfingar frá öllum heimshornum. Um mitt ár 2012 voru samtökin starfandi í 81 landi og kennsla var hafin á efninu í flestum þeirra en í undirbúningi í öðrum.

## Logi Aflatún

Aflatún persónan er sameiningartákn allra Aflatún félaga í heiminum og alls staðar hafður í forgrunni. Hann er nokkurs konar goðsögn; eldhnöttur sem kom til jarðarinnar því hann var svo forvitinn um hvað væri að gerast hér.



Aflatún var skapaður til þess að mynda vinatengsl á milli barnanna og námsefnisins. Hann hefur það meginhlutverk að leiða nemendur gegnum námsefnið og þá sérstaklega nemendur á aldrinum 6-9 ára. Í hinni íslensku útgáfu námsefnisins hefur hann fengið nafnið **Logi Aflatún** og einkunnarorð hans eru, í hrárrí og beinni þýðingu:

„Greindu rétt frá röngu - kannaðu, hugsaðu, rannsakaðu og framkvæmdu.“<sup>1</sup>

Segja má að námsefnið dragi nafn sitt af honum en ekki öfugt. Nafnið *Aflatoun* var valið af indverskum börnum á mótunarárum verkefnisins en *Aflatoun* er nafn skrautlegrar persónu úr Bollywood kvikmynd sem börnin dáðu. Orðið sjálft er hins vegar af arabískum uppruna og merkir *könnuður* (e. *explorer*). Nafnið hefur einnig skírskotun til gríska heimspekingsins Platóns en *Aflatoun* er hið arabíska nafn hans. Á íslensku skal nafnið ritað *Aflatún* (í stað *Aflatoun*) til að skapa minni rugling meðal yngri nemenda sem eru að læra að lesa auk þess sem réttur framburður orðsins næst þannig fram.

<sup>1</sup> Á ensku eru einkunnarorð hans: *Separate fiction from fact – explore, think, investigate and act.*

## Fimm grunnþættir Aflatún námsefnisins

Aflatún námsefnið er samið á grundvelli þess að börn um allan heim geti breytt lífi sínu, verið hreyfiafl samfélagslegra breytinga og stuðlað að auknu jafnrétti í heiminum. Námsefnið er fjölbreytt og viðfangsefnið eru mörg. Grunnþættirnir fimm hér að neðan mynda kjarnann í námsefni Aflatún og eru leiðandi stef í öllu útgefnu fræðsluefni á vegum samtakanna.

- 1. Persónulegur skilningur og athugun:** Nemendur öðlast trú á eigin getu og fyllast sjálfstrausti. Nemendur læra að hvert og eitt þeirra skiptir máli og að allir geti stuðlað að breytingum. Í þessu felst meðal annars kennsla í almennu siðferði, tillitsemi og kurteisi. Áhersla er á sjálfstæða hugsun og athugun nemenda, þeir kanni heiminn og samfélagið á eigin forsendum, dragi ályktanir og breyti í kjölfarið hárterni sínu til hins betra fyrir sig, samfélagið og heiminn.
- 2. Réttindi og skyldur:** Nemendur öðlast þekkingu og skilning á réttindum sínum og skyldum og að þetta eru í raun tvær hliðar á sama peningi. *Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna* varðar hér veginn en hann útlistar fjögur gagnvirk réttindi barna: réttinn til lífsafkomu, verndar, þroska og þátttöku. Nemendur öðlast skilning á skyldum sem þau bera gagnvart sjálfum sér, fjölskyldum sínum, umhverfi og samfélagi.
- 3. Sparnaður og útgjöld:** Nemendur hugsi um sparnað sem eðlilegan og skynsaman kost fyrir sig. Sparnaður hefur hér þrjúþætta merkingu: (a) peningalegur sparnaður, þ.e. nemendur tileinki sér þann vana að leggja fyrir *reglulega*, (b) nemendur leiði hugann að nýtingu auðlinda og fari sparlega með þær og öll samgæði samfélagsins (í þessu felst bæði beinn og óbeinn fjárhagslegur sparnaður) og (c) nemendur hugsi vel um og gæti annarra verðmæta sinna, t.d. þeirra sem hafa tilfinningalegt gildi fyrir þá. Að lokum er lögð áhersla á að nemendur hugsi á upplýstan og skynsaman hátt um útgjöld sín, skipuleggi þau og eyði ekki um efni fram.
- 4. Skipulagning og fjárhagsleg áætlanagerð:** Nemendur læra að hugsa um fjármál og sparnað með tilliti til framtíðar, öðlast færni til að setja sér markmið og þekkja leiðir til að ná þeim. Markmiðasetning, upplýst ákvarðanataka, eftirfylgni og framtíðarsýn eru mikilvæg jafnt í fjármálum sem öðrum þáttum í lífi okkar.
- 5. Samfélagslegt eða fjárhagslegt verkefni:** Nemendur taki sér á hendur og beri sameiginlega ábyrgð á að skipuleggja verkefni með það fyrir augum að „skila til baka til samfélagsins“. Í þróunarlöndum hafa nemendur víða stofnað lítinn rekstur til að bæta eigin hag og aðstöðu til náms og á sama tíma stuðlað að efnahagslegri framþróun í samfélagi sínu. Þannig hafa þau lært að fyrirtæki eru ekki aðeins til bóta fyrir eigendur þeirra heldur samfélagið allt. Í þróaðri samfélögum er takmarkið fremur að nemendur skipuleggi og beri ábyrgð á samfélagslegu verkefni eða góðgerðarstarfsemi. Verkefni geta bæði verið til góða fyrir íbúa á Íslandi eða íbúa annars staðar í heiminu. Það eina sem skiptir máli er að verkefnið sé sprottið frá nemendum sjálfum, stuðli að bættu samfélagi og betri heimi.

Nú þegar hafa börn um allan heim komið á fót yfir 10.000 slíkra skipulagðra verkefna fyrir tilstilli Aflatún.



Taflan útskýrir hvernig grunnþáttunum fimm er ætlað að hafa áhrif á þekkingu, viðhorf og leikni nemenda. Þekking er ferli sem verður til við verkefnavinnu, umræður og sköpun nemandans. Viðhorf eru skoðanir, siðferði, lífssýn og drifkraftur góðra verka sem mótast fyrst og fremst af þekkingu. Leikni er hér vítt skilgreint hugtak sem tekur bæði til tæknilegrar og félagslegrar hæfni einstaklingsins í samfélaginu.

Grunnþáttur 1: Persónulegur skilningur og athugun		<i>Við virðum og metum eigin sérstöðu, mismunandi persónueinkenni og þarfir, jafnt okkar eigin sem annarra.</i>		
MEGINSTEF	Þekking	Viðhorf	Leikni	
1. Við erum einstök og ólík.	Ég veit að allir hafa eigin hæfileika, kunnáttu og styrk eins og ég.	Ég trúi að ég geti afrekað margt.	Ég get sagt frá hlutum sem varða mig og tjáð hvernig mér líður.	
2. Okkur finnst gaman að rannsaka.	Ég þekki og skil mikilvægi kjörorðsins „Greindu rétt frá röngu - kannaðu, hugsaðu, rannsakaðu og framkvæmdu.“	Mig þyrstir í að læra meira.	Ég hef leikni til að leita að og greina upplýsingar sem skipta máli.	
3. Við erum upplýstir og skilningsríkir þátttakendur í heiminum.	Ég veit að ég er hluti af heiminum sem er fjölbreyttur hvað varðar kyn, aldur, þjóðerni, menningu, stéttir, trúarbrögð og getu.	Ég virði og kann að meta fjölbreytni og jafnrétti.	Ég kem fram við aðra af virðingu.	
Grunnþáttur 2: Réttindi og skyldur		<i>Við kunnum að meta og verjum réttindi okkar sem og annarra, og við virðum og uppfyllum þær skyldur sem fylgja þessum réttindum.</i>		
MEGINSTEF	Þekking	Viðhorf	Leikni	
1. Við þekkjum og sækjum rétt okkar.	Ég er meðvitað/meðvitaður um réttindi mín.	Ég vil að börnum í heiminum sé gerð grein fyrir réttindum sínum.	Ég get sótt rétt minn til þeirra sem bera ábyrgð hverju sinni.	
2. Okkur er annt um okkur sjálf og aðra.	Ég veit að réttindum mínum fylgja ákveðnar skyldur.	Ég nýt þess að hugsa um eigin velferð, annarra og heimsins.	Ég átta mig á því hvernig og hvenær ég get brugðist við og hjálpað.	
Grunnþáttur 3: Sparnaður og útgjöld		<i>Við þekkjum og virðum mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna og fara vel með efnisleg og fjárhagsleg gæði og höfum leikni til að forgangsraða þessum gæðum á ábyrgan og skynsaman hátt.</i>		
MEGINSTEF	Þekking	Viðhorf	Leikni	
1. Við nýtum auðlindir okkar á ábyrgan hátt.	Ég veit að sum gæði og auðlindir eru af skornum skammti.	Ég ber virðingu fyrir ábyrgri notkun á náttúrulegum og fjárhagslegum verðmætum.	Ég get á skapandi hátt notað, endurnotað, sparað og verndað gæði og auðlindir.	
2. Við spörum peninga reglulega.	Ég geri mér grein fyrir því hvað peningar eru og hef grundvallarþekkingu á fjármálum.	Ég spara peninga í þeim tilgangi að uppfylla þarfir og markmið í lífinu.	Ég hef leikni til að halda utan um fjárhag minn og nýta mér þau úrræði sem eru í boði til að spara.	
3. Við notum peninga á ábyrgan hátt.	Ég veit að langanir mínar og þarfir eru ekki það sama.	Ég er stolt/ur af því að geta eytt peningum á vel ígrundaðan og ábyrgan hátt.	Ég hef leikni til þess að forgangsraða og gera greinamun á milli langana minna og þarfa.	
Grunnþáttur 4: Skipulagning og fjárhagsleg áætlanagerð		<i>Við skiljum mikilvægi þess að skipuleggja og gera fjárhagsáætlun og við kunnum að setja okkur markmið, samræma markmið og gæði, og þróa þannig leiðir til að koma áætlunum okkar í framkvæmd.</i>		
MEGINSTEF	Þekking	Viðhorf	Leikni	
1. Við skipuleggjum til að gera okkur grein fyrir markmiðum okkar.	Ég skil mikilvægi þess að skipuleggja mig og mismunandi þætti sem koma þar að.	Ég vil skipuleggja áður en ég framkvæmi hluti/ver peningum.	Ég set mér markmið og skipulegg hvernig ég næ því markmiði með því að nota þær leiðir sem eru fyrir hendi.	
2. Við getum gert fjárhagsáætlun.	Ég skil tilgang og mismunandi þætti þess að gera áætlun um fjármál.	Ég kann að meta fjárhagsáætlun sem hluta af skipulagningu.	Ég hef leikni til að gera fjárhagsáætlun og vega tekjur á móti útgjöldum.	
Grunnþáttur 5: Skipulagt framtak (fjárhagslegt og félagslegt)		<i>Við í bekknum hönnum, skipuleggjum og komum á laggirnar framtaki sem stuðlar að því að bæta okkur sem persónur, skólann og samfélagið. Við sýnum í verki þrautseigju, ábyrgð og sköpunarhæfni.</i>		
MEGINSTEF	Þekking	Viðhorf	Leikni	
1. Við skipuleggjum og komum verkefni af stað.	Ég þekki grundvallaratriðin í því að koma af stað verkefni.	Ég er spennt/ur fyrir því að eiga frumkvæði og afreka eitthvað.	Ég hef leikni til að kanna og ákveða hvers konar verkefni mig langar að koma á laggirnar og hvaða leið ég ætla að fara.	
2. Framtak okkar hefur breytingu að leiðarljósi.	Ég veit að það eru þættir í umhverfi mínu sem bæði þarfnast breytinga og hægt er að breyta.	Ég nýt þess að geta haft áhrif á umhverfi mitt.	Ég get þróað áhrifamiklar leiðir til að hafa áhrif á félagsleg málefni í umhverfi mínu og samfélagi.	
3. Við kunnum að meta samstarf.	Ég skil mikilvægi þess að vera í samstarfi við aðra.	Ég kann að meta það að vinna með bekkjarfélögum mínum og vinum.	Við (ég og vinir mínir/bekkjarfélagar) getum tekið ákvarðanir og unnið að verkefnum saman til að ná markmiðum okkar.	

## Kennsluleiðbeiningar fyrir þetta hefti

Fyrsta skrefið í undirbúningi kennslunnar er að þekkja vel bæði hugmyndafræði og aðferðafræði Aflatún námsefnisins. Grunnþættirnir fimm, sem útskýrðir eru hér að framan, mynda kjarnann í hugmyndafræði Aflatún og vísa veginn gegnum allt námsefnið. Það er því nauðsynlegt að þekkja grunnþættina og hvernig þeim er ætlað að hafa áhrif á þekkingu, viðhorf og leikni nemenda. Í stuttu kennsluhefti eins og þessu er að sjálfsögðu ekki farið djúpt ofan í alla grunnþættina. Þeir koma þó allir við sögu og það er mikilvægt. Líkt og skýrist við lestur þessa heftis er leiðbeinendum gefnar nokkuð frjálssar hendur við kennslu efnisins. Því frelsi fylgir þó ábyrgð því nauðsynlegt er að hafa grunnþættina fimm hugfasta og ganga úr skugga um að þeir skili sér allir í náminu.

Aðferðafræði Aflatún felur í sér kennsluáferðir sem byggja á þeirri einföldu reglu að nemandinn er í aðalhlutverki kennslunnar og námsins (e. *Child-centered learning*). Nemandinn á að athuga, rannsaka og framkvæma sjálfur, sem einstaklingur og sem hluti af hóp, og þannig eignast eins stóra hlutdeild í náminu og mögulegt er. Hlutverk leiðbeinandans er fyrst og fremst að vekja áhuga nemenda, hvetja þá til virkar þátttöku og aðstoða þá við að dýpka þekkingu sína og auka hæfni sína á eigin forsendum.

Engin sérstök vinnubók er fyrir nemendur heldur er allt kennsluefni og leiðbeiningar fyrir leiðbeinendur í þessu hefti. Kennsluefnið í heftinu er skipt í þrjá hluta. Fremst eru 10 skipulagðir fundir (kennslustundir), þá nokkrir skemmtilegir leikir og loks viðbótarverkefni. Leikirnir eru síður en svo hugsaðir sem aukaatriði heldur er eindregið mælt með því að blanda þeim við annað námsefni heftisins. Leikirnir geta þess vegna verið í aðalhlutverki á einhverjum fundum. Viðbótarverkefnin eru hugmyndir sem hægt er að nýta með ýmsum hætti til að fara betur ofan í ákveðna þætti námsefnisins. Hvernig og hvort þessi verkefni eru notuð er á valdi leiðbeinanda hverju sinni. Í kennsluleiðbeiningum fyrir nokkra fundi eru ábendingar á nokkur þessara viðbótarverkefna þar sem þau tengjast efni fundarins.

Á skipulögðu fundunum 10 er kennsluefnið sett fram í formi bréfa frá sögumanni námsefnisins, Loga Aflatún. Í upphafi fundar hefur þekktum því borist bréf frá Loga í pósthólfið á Aflatún veggspjaldinu sem nauðsynlegt er að hengja upp áður en fyrsti fundurinn hefst. Bréfunum er hægt að safna með einhverjum hætti, t.d. með því að hengja þau upp við hliðina á veggspjaldinu við lok hvers fundar. Gert er ráð fyrir að nemendur stofni með sér sérstakt Aflatún félag á fyrsta fundi. Þegar búið er að stofna Aflatún félag eru allir meðlimir þess orðnir Aflatún félagar. Á síðasta fundinum á misserinu eiga allir að fá viðurkenningarskjal til að taka með sér heim.

Í nokkur skipti er gert ráð fyrir því að leiðbeinandi fjölríti ákveðnar blaðsíður og afhendi hverjum og einum nemenda. Nemendur geta svo safnað þessum blöðum í sérstaka möppu eða tekið með sér heim. Mælt er með að nemendur fái að safna verkefnunum saman í möppu sem hægt er að taka með sér heim eftir síðasta fundinn í Aflatún félaginu.

Í þessu hefti birtist í fyrsta sinn á Norðurlöndunum námsefni úr smiðju Aflatún. Efnið er því enn í mótun og leiðbeinendur eru hvattir til að fara sínar eigin leiðir, láta hugmyndaflugið ráða og nýta efnið eins og þeim þykir henta best innan þess ramma sem hugmyndafræði og aðferðafræði Aflatún leyfir. Í þessu samhengi er hægt að benda á að það fyrirkomulag að Aflatún félagið fái sérstök bréf frá Loga er alveg nýtt og nú prófað í fyrsta skipti. Þessi aðferð var hugsuð til að skila efninu á skemmtilegan hátt til yngstu nemenda grunnskóla sem ekki hafa náð tókum á lestri. Efnið í þessu hefti er fyrst og fremst ætlað börnum sem kunna flest bæði að lesa og skrifa og alls ekki nauðsynlegt

að beita þessari aðferð. Þannig er hægt að komast af algerlega án þess að nota bréfin, en efni þeirra og boðskap verður þá að skila með öðrum hætti til nemenda.

Þá er leiðbeinendum í sjálfsvald sett hvort þeir noti alla fundina 10 eða ekki þegar þeir fara í gegnum efnið með nemendum. Sem dæmi er vel hægt að komast af án þess að taka fyrir fund 3. Þá er einnig mikilvægt að átta sig á því að röðun fundanna er aukaatriði þó þeir séu númeraðir. Fundur 1 er auðvitað nauðsynlegur byrjunarreitur til að kynnst efninu og stofna Aflatún félagið en að öðru leyti er mögulegt að hliðra röðuninni nokkuð til.

Þegar lesið er yfir kennslufnið verður ljóst að það efni sem tekið er fyrir á sumum fundanna krefst þess að framhald sé gert á þeim á næsta fundi eða síðar á misserinu. Sum verkefna krefjst jafnvel orku Aflatún félagsins í 3-4 fundi. Þannig endar fundur 2 til dæmis á því að nemendur búa til aðgerðaráætlun sem þeir eiga að vinna að áfram á misserinu. Til þess að hafa svigrúm til að vinna að aðgerðaráætluninni getur því verið skynsamlegt að taka efni þessa fundar fyrir sem fyrst á misserinu. Þá er einnig ljóst að stundum þarf að velja úr nokkrum verkefnum ef ekki á að gera framhald af efni fundarins síðar, þetta á t.d. við um fund 8 þar sem gefin er nokkur fjöldi verkefna og því ljóst að ef taka á þau öll fyrir krefst það framhalds á næsta fundi eða síðar á misserinu.

Leiðbeinendur eru eindregið hvattir til að lesa allt efni heftisins áður en byrjað er að kenna, máta efnið við grunnþættina fimm og velta fyrir sér hvernig námsefninu verði komið sem best til skila. Nemendur stofna Aflatún félagið sjálfir og leiðbeinandinn er ekki meðlimur í félaginu eða leiðtogi þess. Nemendur eiga að stjórna starfi Aflatún félagsins að svo miklu leyti sem hægt er. Hlutverk leiðbeinandans er að halda utan um hópinn, virkja nemendur til þátttöku, aðstoða og hvetja þá áfram til að koma með skapandi og fjölbreyttar lausnir.


## Fundur 1: Aflatún félagið okkar

### Kennsluleiðbeiningar

Á þessum fyrsta fundi eiga nemendur að fá að kynnst Loga Aflatún og Aflatún heiminum. Verið búin að hengja upp Aflatún veggspjaldið áður en fundurinn hefst og setja bréfið frá Loga í pósthólfið á veggspjaldinu.

Markmið fundarins er að stofna Aflatún félag. Krakkarnir eiga það núna öll sameiginlegt að vera meðlimir í Aflatún félaginu og það eru viss forréttindi. En það eru ekki bara forréttindi heldur fylgja því einnig skyldur eins og kemur í ljós þegar krakkarnir kynnst námsefninu betur og öllu því sem Aflatún stendur fyrir. Krakkarnir eiga líka að átta sig á því að þau eru hluti af alþjóðlegum hópi barna sem þekkja Loga Aflatún.

Á þessum fundi eru tvö verkefni. Annars vegar á hver nemandi að skrifa nafnið sitt á veggspjaldið og leggja sitt að mörkum við að skreyta það. Þar sem allir geta ekki gert það í einu fær hópurinn annað verkefni. Hver og einn á að leggja aðra höndina á blað og draga með blýanti eftir henni þannig að útlínur Loga birtist á blaðinu. Svo á að klára myndina með því að teikna andlit og fætur á Loga, lita myndina, klippa hana út, merkja hana (aftan á) og þræða band gegnum efsta hluta hennar. Í hvert sinn sem krakkarnir eru á Aflatún fundi í framtíðinni eiga þau svo að fá hálsmenið og hengja það um hálsinn. Hver og einn er svo ábyrgur fyrir því að geyma sitt hálsmenn í möppunni sinni eða þá að leiðbeinandinn geymir hálsmenin milli funda. Að fundinum loknum eru krakkarnir orðnir hluti af Aflatún heiminum með táknrænum hætti og hafa stofnað sitt eigið Aflatún félag.



**Gildi:** Hollusta, samvera og samkennd.

**Markmið:** Að hvetja nemendur til að vera áhugasamir og virkir Aflatún félagar. Að kynna nemendum hugmyndina um að Aflatún er alþjóðlegt fyrirbæri og að fjöldi barna um allan heim eru í Aflatún félagi og þekkja Loga Aflatún eins og þau. Að auka sjálfstraust nemenda og trú á að þau geti lært marga og gert marga.

**Boðskapur:** Til að vera Aflatún félagi þarf að vinna verkefnið sem Logi Aflatún leggur fyrir og vera tilbúin að hlusta á það sem hann hefur að segja þegar hann sendir bréf. Það eiga að vera forréttindi að fá að kynnst Loga og hlusta á öll hans góðu ráð.

## Bréf frá Loga Aflatún




Góðan dag krakkar.

Ég heiti Logi Aflatún og er eldhnöttur utan úr geimnum. Þegar ég bjó í geimnum og horfði niður á jörðina varð ég svolítið forvitinn. Ég sá nefnilega að á jörðinni var svo margt spennandi að gerast. Og nú er ég kominn og ætla að skemmta mér konunglega með ykkur.

Ég, Logi Aflatún, elska að ferðast, hitta krakka eins og ykkur og eignast nýja vini. Ég er mjög duglegur að hjálpa öðrum og leysa vandamál. Ég syng, dansa, hlæ og er alltaf að læra eitthvað nýtt af vinum mínum út um allan heim. Ég á nefnilega vini í fjarlægum löndum eins og Serbíu, Indlandi, Úganda og Víetnam. Og nú er ég kominn til Íslands og ætla að fá að kynnst ykkur. Þekkið þið einhvern sem býr í útlöndum? Eigið þið kannski vini sem búa í útlöndum eins og ég? Eða hafið þið sjálf kannski átt heima í útlöndum?

Margir krakkar verða svolítið hissa þegar þeir heyra nafnið mitt í fyrsta sinn. En þið munið skilja hvers vegna ég heiti Logi Aflatún þegar þið kynnist mér betur. Ég heiti Logi vegna þess að ég er eldhnöttur og eldhnettir loga.



En hvað er þá þetta *Aflatún* spyrjið þið kannski? Aflatún þýðir nefnilega að ég er nokkuð sérstakur eldhnöttur. Aflatún þýðir að ég er alltaf tilbúinn til að læra eitthvað nýtt, vera góður við aðra, hjálpsamur og passa vel upp á jörðina. Ef þið eruð tilbúin til að vera hugrökk, góð og passa vel upp á jörðina verðið þið *Aflatún félagar*, alveg eins og vinir mínir í Serbíu, Indlandi, Úganda og Víetnam. Ég veit krakkar, að þið eruð sérstakur hópur, og að þið eruð öll einstök. Þið eruð fær um að læra svo margt og gera svo margt. Þess vegna ætla ég að biðja ykkur um að stofna sérstakt **Aflatún félag** og ef þið gerið það, getið þið verið viss um að ég mun reglulega senda ykkur bréf með alls kyns fréttum af mér og vinum mínum. Ég mun líka senda ykkur alls kyns verkefni, sögur og skemmtilega leiki sem krakkar út um allan heim hafa kennt mér.

Það fyrsta sem ég ætla biðja ykkur í nýja Aflatún félaginu að gera er að hjálpa mér að skreyta Aflatún veggspjaldið. Sjáið þið veggspjaldið? Þetta er Aflatún veggspjaldið ykkar, og allir í Aflatún félaginu ykkar eiga það saman. Sjáið þið vasann á veggspjaldinu? Þetta er pósthólfið ykkar og þangað mun ég senda ykkur bréfin mín. Ég legg til að allir í Aflatún félaginu skrifi nafnið sitt á veggspjaldið og svo getið þið hjálpast að við að skreyta það. Teiknið myndir og litið veggspjaldið, gerið það einstakt. Það geta samt ekki allir skreytt veggspjaldið í einu og þess vegna ætla ég að biðja ykkur um að prófa svolítið á meðan þið skiptist á að skreyta veggspjaldið. Allir fá blað og leggja lófán á það. Dragið svo með blýanti eftir lófanum. Þið getið hjálpað hvert öðru. Þegar þið lyftið lófanum kemur svolítið skemmtilegt í ljós... þið sjáið að það býr Logi Aflatún í öllum krökkum. Þegar þið eruð búin að teikna myndina og skrifa nafnið ykkar á veggspjaldið eruð þið orðnir Aflatún krakkar í sérstöku Aflatún félagi. Til hamingju! Ég sendi ykkur svo fleiri bréf fljótlega.

Bestu kveðjur, Logi Aflatún.

## Fundur 2: Gönguferð um hverfið

### Kennsluleiðbeiningar

Á þessum fundi í Aflatún félaginu á að fara í gönguferð um hverfið. Tilvalið er að fara á svæði sem tengjast krökkunum og umhverfi þeirra sérstaklega, t.d. skólalóð, leikvelli, svæði íþróttafélaga o.s.frv. Farið einnig á aðra staði, t.d. að stöðum sem teljast merkilegir eða sögufrægir í nágrenninu, staði þar sem margt fólk kemur saman o.s.frv. Markmiðið er að krakkarnir þekki umhverfi sitt og séu vakandi fyrir því sem betur má fara. *Stóra markmiðið er að þau átti sig sjálf á því sem er gott og því sem er slæmt og hvernig þau sjálf, sem einstaklingar og sem hópur, geti stuðlað að því að bæta umhverfi sitt.* Á þessum fundi raungerist grunnþáttur fimm: Samfélagslegt eða fjárhagslegt verkefni (sjá kaflann [Inngangur að Aflatún námsefninu](#) fremst í þessu hefti).

Spyrjið krakkana út í umhverfið, hvaða staðir eru áhugaverðir og hvaða staðir eru óáhugaverðir. Eru e.t.v. einhverjir staðir hættulegir? Hvernig er umferðin? Keyra ökumenn of hratt í nágrenni við skóla og börn? Ef svo er, hvað getum við gert í því? Er mikið rusl á víðavangi? Hvað getum við gert í því? Hvað vantar í hverfið? Fleiri leiksvæði fyrir börn? Hvar er hægt að hjóla? o.s.frv.

Búið til lista og aðgerðaráætlun (getið kallað hana **Aflatún áætlunina**) um hvernig Aflatún félagið ætlar að stuðla að bættu hverfi næstu vikurnar. Einn liður í því er t.d. að fara og tína saman rusl úr hverfinu og af skólalóðinni. Þá er mikilvægt að flokka ruslið og safna því sem má endurvinna sérstaklega. Allir Aflatún félagar í heiminum læra að flokka rusl, endurvinna og endurnýta.

Tengið við aðra Aflatún féлага um alla heim, þeir eiga það allir sameiginlegt að leggja sig alla fram um að bæta umhverfi sitt og hugsa vel um umhverfið. Allir Aflatún félagar setja sér raunhæf markmið og vinna að þeim með ráðum og dáð.

Skipuleggið gönguferðina vel en verið tilbúin til að hlusta á krakkana og hvort þau hafi einhverjar hugmyndir um hvert sé hægt að fara. Skriðið hjá ykkur og búið svo til aðgerðaráætlun (t.d. þegar þið komið inn úr gönguferðinni) um hvernig krakkarnir sjálfir ætla að bæta umhverfi sitt. Hengið aðgerðaráætlunina upp við hlið Aflatún veggspjaldsins. Aðgerðaráætlunin á að samanstanda af markmiðum og leiðum til að vinna að þessum markmiðum. Sumt þurfa krakkarnir eflaust að vinna saman, eins og t.d. að nota einn Aflatún fund í framtíðinni til að tína rusl, en annað verða þau að standa sig í að gera sjálf upp á eigin spýtur, t.d. að henda aldrei rusli á víðavangi heldur setja allt rusl í ruslatunnur. Hvetjið þau áfram til að velta vöngum yfir umhverfi sínu og nærsamfélagi og hlustið á tillögur þeirra. Eftir því sem líður á misserið er svo hægt að athuga reglulega aðgerðaráætlunina og hvernig hafi miðað í því að bæta hverfið. Ef þið hafið framkvæmt eitthvað til að ná tilteknu markmiði er hægt að merkja við það á aðgerðaráætluninni og sýna þannig árangurinn táknrænt.

**Gildi:** Virðing fyrir umhverfinu, samfélagsleg ábyrgð, samvinna, virðing fyrir sameiginlegri eign borgaranna, endurvinnsla.

**Markmið:** Að efla krakkana til að hugsa sjálfstætt um eigið umhverfi og velta fyrir sér hvað þau geti gert til að bæta hverfið sitt og nærsamfélag. Hvetja þau til dáða að vera jákvætt afl breytinga í samfélaginu.

**Boðskapur:** Allir eru færir um og eiga að leggja sitt að mörkum. Þar sem sumir sjá vandamál sjáum við tækifæri til að breyta og bæta.

## Bréf frá Loga Aflatún



Hæ krakkar og velkomin á fund í Aflatún félaginu okkar.

Allir Aflatún félagar, alveg sama hvar þeir eru staddir í heiminum, eiga það sameiginlegt að hjálpast að og vera duglegir að bæta umhverfi sitt. Í dag ætlum við að fara í göngutúr um hverfið ykkar og á meðan við göngum um hverfið ætlum við að velta fyrir okkur hvað er gott við hverfið okkar og hvað er það sem er ekki gott og má fara betur. Þegar þið komið inn úr göngunni skulu þið búa til lista yfir allt það sem þið ætlið að hjálpast að við að bæta í umhverfinu ykkar. Góða skemmtun krakkar og ég heyri svo í ykkur fljótlega.

Kveðja, Logi Aflatún.



## Fundur 3: Aflatún kistillinn

### Kennsluleiðbeiningar

Markmiðið með Aflatún kistlinum er að fá nemendur til að hugsa vel um verðmæti, tilfinningaleg sem efnisleg. Eitt meginstef Aflatún námsefnisins er að nemendur spari. Sparnaður hefur hér þríþætta merkingu. Í fyrsta lagi að hugsa vel um öll verðmæti og gæði sem nemendur eiga eða kunna að eignast, sama hvort þau eru tilfinningaleg eða efnisleg verðmæti. Hér leikur Aflatún kistillinn lykilhlutverk við að hjálpa nemendum að tileinka sér að ganga vel um og passa upp á þessi verðmæti sín. Þetta tengist svo einnig sparnaði sameignar samfélagsins, samgæða og náttúruauðlinda, sem er önnur tegund sparnaðar sem Aflatún leggur áherslu á (fundur 9). Í þriðja lagi er það svo hinn peningalegi sparnaður þar sem áherslan er á *reglulegan* sparnað og að venja sig á að spara (fundur 4). Allar þessar þrjár tegundir sparnaðar eiga svo að tengjast í námsefninu og mynda eina heildstæða *sparnaðardygð*.

Hvað varðar Aflatún kistillinn er það algerlega á valdi leiðbeinanda að ákveða hvort þeir eru geymdir í skólanum/frístundaheimilinu eða hvort nemendur taki þá einfaldlega strax með sér heim. Ef ákveðið er að nemendur taki þá strax með sér heim og safni í þá heima er mælt til þess að minna nemendur af og til á kistlana og kalla á smá umræður um hvort nemendur séu duglegir að geyma eitthvað í þeim, hvernig þeir noti þá o.s.frv. Þegar misserinu lýkur geta nemendur tekið kistlana með sér heim ef það er ekki gert strax. Hvetjið þá nemendur til að passa vel upp á þá og halda áfram að nota þá.

Áður en fundurinn hefst þarf að útvega einn skókassa (eða sambærilegum kassa) handa hverjum nemanda. Þetta er t.d. hægt að gera með því að biðja alla um að koma með einn kassa með sér á fundinum á undan.

**Gildi:** Sköpunarmáttur og sköpunargæði, endurnýting hluta og varðveisla verðmæta.

**Markmið:** Gefa færi á að nemendur fái útrás fyrir sköpunarþörf sína og hafi gaman af því að skapa eitthvað (Aflatún kistil) sem líka er gagnlegt. Fyrsta skrefið er hér tekið í átt að því að efla vilja nemenda til að spara, ekki bara peninga, heldur líka aðra hluti sem þeim þykja verðmætir.

**Boðskapur:** Aflatún félagar hugsa sig tvisvar um áður en þeir henda hlutum í ruslið og endurvinnu og endurnýta hluti ef það er hægt. Aflatún félagar læra að spara hluti og passa vel upp á verðmæti þar til við notum þau. Byrjum að safna nokkrum hlutum sem við teljum dýrmæta og söfnum þeim í Aflatún kistilinn.



## Bréf frá Loga Aflatún



Hæ krakkar, í dag ætla ég að segja ykkur skemmtilega sögu. Sagan segir frá því þegar systkinin Gígja og Hjalti bjuggu til sérstakan Aflatún kistil. Á eftir ætla ég svo að biðja hvert og eitt ykkar að búa til ykkar eigin Aflatún kistil. En byrjum á sögunni um vini mína:

### Aflatún kistillinn

Gígja er 8 ára stelpa sem fer stundum í heimsókn til ömmu sinnar sem á heima við sjávarsíðuna. Gígju finnst gaman að leika sér í fjörunni en hún fer alltaf mjög varlega og það er alltaf einhver fullorðinn með í för. Í fjörunni er svo margt fallegt og skemmtilegt. Gígja safnar fallegum og sléttum steinum sem sjórin hefur sorfið. Hún safnar líka skeljum af ýmsum stærðum og gerðum. Stundum kemur Hjalti bróðir hennar með í fjöruna og þá safna þau alls kyns steinum, skeljum, blómum og glitrandi hlutum sem þau finna í fjörunni. Hjalti er 6 ára og Gígja passar upp á hann.

Þegar krakkarnir eiga afmæli fá þau stundum peninga í afmælisgjöf frá ömmu, frænkum og frændum. Gígja og Hjalti voru alltaf mjög þakklát þegar einhver gaf þeim peninga og þau þökkðu vel fyrir sig. Oft teiknuðu þau mynd í þakkarskyni til að gefa þeim sem gaf þeim pening. Stundum gáfu þau líka fallega steina og skeljar úr safninu sínu. Þannig sýndu þau þakklæti sitt. Krakkarnir láta mömmu sína fá peningana svo hún geti passað upp á þá fyrir þau. Þannig söfnuðu krakkarnir peningunum í stað þess að eyða þeim. Krakkarnir fengu stundum að geyma sjálf örlítið af peningunum til að kaupa sér eitthvað sem þau langaði í eða vantaði.



Einn daginn þegar krakkarnir voru búnir að safna ýmsum fallegum hlutum úr fjörunni fóru þau að óttast að týna einhverjum hlutum úr safninu. Safnið var orðið stórt því krakkarnir áttu svo marga steina og margar skeljar.

Næsta dag, þegar krakkarnir voru að klæða sig í stígvélin áður haldið var út í fjöru, rákust þau á gamlan, tóman skókassa. Þeim fannst góð hugmynd að nota svona skókassa undir steina- og skeljasafnið sitt. Þau tóku því skókassann, skreyttu hann og lituðu og settu loks steinana sína og skeljarnar ofan í kassann. Þau ákváðu að kalla kassann *Aflatún kistillinn* en í dag eiga krakkar um allan heim Aflatún kistil sem þau safna ýmsum fallegum og verðmætum hlutum í.

Gígja og Hjalti fundu stundum smápeninga í fjörunni og stundum fá þau líka að eiga smápeninga sem mamma og pabbi fá til baka þegar þau borga úti í búð. Krakkarnir ákváðu að setja ekki peninga í Aflatún kistillinn sinn heldur að setja alla peninga í sparibaukana sína. Eigið þið sparibauk krakkar?

Þegar þau voru búnir að vera dugleg að spara fundu þau hvernig sparibaukurinn þyngdist. Stundum settust krakkarnir niður og töldu peningana sína. Þau töldu bæði litla og stóra peninga og komust að því að sumir litlir peningar eru meira virði en sumir stórir peningar. Það þýðir að það er hægt að kaupa meira fyrir suma litla peninga en suma stóra peninga. Þau komust líka að því að allir bréfpengar, sem eru kallaðir seðlar eins og þið vitið, eru meira virði en smápeningar. Krakkarnir röðuðu peningunum sínum í röð eftir því hve verðmætir þeir voru og töldu aftur, til að vera vissir um

að hafa ekki ruglast. Það er auðveldara að telja peninga ef maður flokkar þá fyrst og raðar saman þeim sem eru eins.

Safnið þið einhverjum hlutum krakkar? Safnið þið líka peningum í sparibauk?

Í dag ætla ég biðja ykkur um að búa til ykkar eigin Aflatún kistil og skreyta hann og merkja, þannig að engir tveir Aflatún kistlar í heiminum verði eins. Svo vil ég að þið séuð dugleg að geyma verðmæta hluti sem þið eigið í kistlinum. Þetta gætu verið litlir fallegir steinar eða skeljar, kannski finnið þið stór og flott laufblöð nú eða blóm. Og kannski viljið þið geyma mynd að fjölskyldunni ykkar í Aflatún kistlinum ykkar. Þið megið ráða, því þið ein vitið hvað ykkur finnst flott og verðmætt. Það sem mestu máli skiptir er að þið passið vel upp á kistilinn og þá týnið þið aldrei neinu sem er í honum.

Kær kveðja, Logi Aflatún.



## Fundur 4: Sparibaukurinn og sparnaðarbókin

### Kennsluleiðbeiningar

Aflatún leggur áherslu á þrjár tegundir sparnaðar. Í fyrsta lagi að hugsa vel um öll verðmæti og gæði sem nemendur eiga eða kunna að eignast, sama hvort þau eru tilfinningaleg eða efnisleg. Hér leikur Aflatún kistillinn (fundur 3) lykilhlutverk. Þetta tengist svo sparnaði sameignar samfélagsins, samgæða og náttúruauðlinda, sem er önnur tegund sparnaðar sem Aflatún leggur áherslu á (fundur 9). Í þriðja lagi er það svo hinn peningalegi sparnaður þar sem áherslan er á *reglulegan* sparnað og að venja sig á að spara þegar tækifæri gefst. Um þann þátt sparnaðar er fjallað á þessum fundi.

Það er eitt af meginmarkmiðum Aflatún að allir krakkar sem taka þátt í Aflatún tileinki sér reglulegan peningalegan sparnað eftir því sem aðstæður leyfa. Spyrjið nemendur hvort þeir eigi sparibauk og hvort þeir noti þá. Hvetjið alla þá sem ekki eiga sparibauk til fá aðstoð heima við að eignast sparibauk. Þeir fást yfirleitt endurgjaldslaust í bönkum og sparisjóðum með því skilyrði að sparnaðarreikningur sé stofnaður í nafni barnsins og smáræði lagt inn á reikninginn.

Það er mikilvægt að minna krakkana reglulega á sparibaukinn, spyrja hvort þau séu ekki dugleg að nota hann þegar tækifæri gefst og hvort þau fái ekki örugglega kvittun í sparibauksbókina frá einhverjum fullorðnum heima þegar þau nota sparibaukinn.

Brýnið einnig fyrir nemendum hvernig aðrir Aflatún krakkar um allan heim leggja sig fram við að spara, alveg sama í hvaða félagslegu- eða efnahagslegu stöðu þau eru, enda skiptir ekki máli hve mikið er sparað heldur skiptir höfuðmáli að reyna og að gera það reglulega (að það sé einhver regla eða vani tengdur sparnaðinum) þegar tækifæri gefst.

Sagan af Guðjóni sem sagt er frá í bréfinu frá Loga er til þess gerð að segja frá því *hvernig* hægt sé að nálgast sparibauk og hvernig sé skynsamlegt að nota hann. Farið yfir þessa þætti saman þegar búið er að lesa bréfið og útbúið svo sparibauksbækur sem allir taka svo með sér heim. Ekki er gert ráð fyrir að bækurnar komi aftur í skólann/frístundaheimilið en æskilegt er að minnast á þær á fundum í Aflatún félaginu í framtíðinni.

Upplýsingarnar á næstu síðu væri hægt að nota í pósti sem sendur er til foreldra. Það er mjög æskilegt og allt að því nauðsynlegt að fá foreldra barnanna með sér í lið í þessum þætti námsefnisins. Á næstu síðu eru gefnar upplýsingar sem gott væri að koma til foreldra barnanna áður en þau eignast sparibauksbókina.

Tilvalið er að fara í einhverja leiki þegar allir eru búnir að merkja sparnaðarbókina sína og skreyta.

**Gildi:** Sparnaður sem dyggð, reglufesta og samviskusemi.

**Markmið:** Að fá nemendur til að hugsa um sparnað sem eðlilegan og skynsaman kost fyrir sig.

**Boðskapur:** Að spara reglulega með því að setja peninga í sparibauk er skynsamlegt. Það sem skiptir höfuðmáli er að hvetja nemendur til að spara **reglulega**. Hve mikið það er hverju sinni eða á heildina litið skiptir engu máli og allur slíkur samanburður er óæskilegur. Enginn er neyddur til að spara.

## Upplýsingar fyrir foreldra

Aflatún er alþjóðlegt námsefni í samfélagsábyrgð, fjármálalæsi, frumkvöðlafræðum og almennri lífsleikni. Eitt meginstef námsefnisins er að fá nemendur til að spara í vött skilgreindri merkingu þess orðs. Í fyrsta lagi er það markmið að fá nemendur til að hugsa vel um öll verðmæti, hvort sem það eru tilfinningaleg eða efnisleg verðmæti. Í öðru lagi er það markmið að fá nemendur til að fara sparlega með auðlindir og sameign borgaranna, endurvinna og endurnýta. Í þriðja lagi er átt við reglulegan peningalegan sparnað þar sem markmiðið er að hver nemandi eignist sparibauk (sem er að sjálfsgöðu geymdur heima) og venji sig á að *spara reglulega*.

Það segir sig sjálf að aðstæður nemenda til þess að spara eru mismunandi en engu að síður er mælt til þess að allir nemendur eignist sparibauk og bankareikning (sparibaukar fylgja yfirleitt þegar stofnaðir eru sparnaðarreikningar í nafni barns og smáræði lagt inn á reikninginn). Hver nemandi fær nú sérstaka sparibauksbók sem geymd er heima og kemur ekki aftur í skólann/frístundaheimilið. Sparibauksbókin á að vera hvetjandi fyrir nemendur en í hvert sinn sem þeir setja pening í sparibaukinn eiga þeir að fá kvittun í bókina frá einhverjum fullorðnum heima. Ekki á að skrifa hve mikið fer í baukinn enda er það ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er vaninn eða reglan um að spara þegar tækifæri gefst og leggja alltaf hluta af tekjum (peningar sem þeim áskotnast) fyrir og spara meira en tekið er út þegar til lengri tíma er litið.

[SPARIBAUKSÓK]

Er í sérstöku .pdf skjali.

## Bréf frá Loga Aflatún



Hæ krakkar, ég ætla að segja ykkur sögu af strák sem ég þekki. Hann heitir Guðjón og þetta er sagan af því þegar hann eignaðist sparibauk.

Guðjón er 9 ára strákur sem á heima í Reykjavík. Einn þriðjudag í október fór hann með pabba sínum í bíltúr. Þeir þurftu að koma við á nokkrum stöðum. Mamma hafði beðið þá um að kaupa fisk í matinn og þeir fóru því saman í fiskbúðina. Síðan fóru þeir að kaupa grænmeti til að borða með fiskinum. Að lokum ætluðu þeir að fara í bankann því Guðjón ætlaði að stofna sinn eigin bankareikning.

Vitið þið hvað bankareikningur er krakkar? Ég skal útskýra: Í bankanum geymir fólk peningana sína því bankinn er öruggur staður til að geyma þá á. Þannig týnir maður ekki peningunum sínum sem maður er búinn biðja bankann um að geyma. Hver banki geymir peninga fyrir mjög margt fólk, mömmu og pabba, afgreiðslufólkið í búðinni, nágretta þinn, skólustjórann og svo mætti lengi telja. Sá sem leggur pening inn í banka fær sinn eigin bankareikning og þannig veit bankinn hver á hvaða pening. Bankareikningur er skjal þar sem bankinn skrifar niður hvað hver og einn er búinn að leggja mikið af peningum inn í bankann. Mamma og pabbi eru með sérstakan bankareikning þar sem stendur hvað þau geyma mikla peninga í bankanum. Nágranni þinn er með bankareikning þar sem stendur hvað hann geymir mikla peninga í bankanum og skólustjórinn er með sérstakan bankareikning þar sem stendur hvað hann geymir mikla peninga í bankanum. Og núna ætlaði Guðjón að fá sinn eigin bankareikning svo hann gæti byrjað að spara.

Við köllum það *að spara* þegar við leggjum peninga inn í banka og biðjum þannig bankann um að geyma þá fyrir okkur. Pabbi og Guðjón töluðu við starfsmanninn í bankanum sem kallast gjaldkeri. Gjaldkerinn stofnaði sérstakan bankareikning fyrir Guðjón og gaf honum glæsilegan sparibauk. Eigið þið sparibauk krakkar? Það er svo sniðugt að eiga sparibauk. Guðjón átti stundum peninga og vissi ekki hvar hann átti að geyma þá þannig að þeir týndust ekki, en nú gat hann sett þá í sparibaukinn sinn.



Þegar feðgarnir komu heim sýndi Guðjón mömmu sinni nýja sparibaukinn. Mamma var afar ánægð með strákinn sinn og gaf honum tvo hundraðkrónupeninga til að setja í sparibaukinn. Nú var Guðjón byrjaður að spara. Næsta laugardag gaf mamma honum 300 krónur til að kaupa nammi. Hún sagði að Guðjón hefði alltaf val um hve mikið nammi hann keypti, hann gæti líka ákveðið að setja peninginn í sparibaukinn. Hann ákvað að setja 100 krónur í baukinn og kaupa nammi fyrir 200 krónur.

Stundum fann Guðjón smápeninga sem lágu á gangstéttinni. Hann tók þá upp, setti í vasann og skilaði þeim svo örugglega í baukinn sinn þegar hann kom heim. Guðjón var skarpur strákur og hafði tekið eftir því að stundum þegar mamma og pabbi borguðu með peningum úti í búð fengu þau nokkra smápeninga til baka frá afgreiðslumanninum við búðarkassann. Guðjón spurði hvort hann mætti fá að eiga smápeningana sem mamma og pabbi fengu til baka í búðinni ef hann lofaði að setja þá í

sparibaukinn sinn. Það var alveg sjálfsagt enda ætlaði hann að setja peningana beint í sparibaukinn.

Nokkrum vikum seinna, þegar Guðjón ætlaði að setja nokkrar krónur í baukinn sinn, komst hreinlega ekki meira í hann. Baukurinn var orðinn smekkkfullur og alveg svakalega þungur. Guðjón hafði greinilega verið duglegur að spara. Daginn eftir fóru hann og mamma saman í bankann. Gjaldkerinn í bankanum tók baukinn, opnaði hann og sturtaði öllum peningunum í sérstaka vél sem taldi peningana. Þegar vélin var búin að telja alla þessa peninga skrifaði gjaldkerinn á bankareikninginn hans Guðjóns hve mikið hafði verið bauknum. Peningarnir sem hann hafði safnað í baukinn voru nú geymdir í bankanum. Svo rétti gjaldkerinn Guðjóni tóman baukinn. Guðjón og mamma héldu heim glöð í bragði og hann hlakkaði til að geta komið aftur í bankann þegar hann væri búinn að fylla sparibaukinn sinn að nýju.

Það var nefnilega ekki erfitt að fylla sparibaukinn. Það eina sem þurfti var að spara reglulega. Í hvert sinn sem Guðjón fann smápeninga á gangstéttinni setti hann þá í baukinn sinn. Á hverjum laugardegi fékk hann svo 300 krónur til þess að kaupa sér nammi, en í stað þess að eyða því öllu tók hann alltaf 100 krónur frá og setti í baukinn sinn.



#### Krakkar í Serbíu með Aflatún sparibauksbækunar sínar

Stundum þegar mamma og pabbi fengu smápeninga til baka úti í búð fékk hann að setja þá í baukinn sinn. Smám saman fylltist baukurinn aftur og Guðjón lagði peningana á reikninginn sinn í bankanum. Honum fannst skemmtilegast að finna hvernig baukurinn þyngdist smátt og smátt eftir því sem hann setti fleiri peninga í hann.


Mamma og pabbi voru afar stolt af stráknum sínum og hvöttu hann til að vera duglegur að spara áfram. Einn laugardaginn þegar Guðjón var að setja 100 krónur í sparibaukinn sinn fengu hann og mamma hans góða hugmynd. Þau ákváðu að útbúa sérstaka sparibauksbók. Í hvert sinn sem Guðjón

setti pening í baukinn kvittaði mamma eða pabbi í sparibauksbókina hans. Mamma eða pabbi skrifuðu dagsetninguna í einn reit í bókinni og svo nafnið sitt í annan reit. Þegar amma og afi komu í heimsókn næsta laugardag fékk Guðjón ömmu sína til að kvitta í sparibauksbókina sína um leið og hann setti 100 krónur í baukinn. „Klink!“ heyrðist þegar peningurinn skall ofan á hinum peningunum í bauknum.

Þetta var sagan af því þegar Guðjón eignaðist sparibauk og útbjó sparibauksbók. Í dag ætla ég að biðja ykkur krakkar um að útbúa sparibauksbók handa ykkur sjálfum og taka með heim. Ef þið eigið ekki sparibauk skuluð þið fá einhvern heima til að hjálpa ykkur að eignast sparibauk eða búa hann til. Í hvert sinn sem þið setjið pening í baukinn ykkar skuluð þið svo fá einhvern heima til að kvitta í sparibauksbókina ykkar.

Hefjumst handa og góða skemmtun.

Kær kveðja, Logi Aflatún.





## Fundur 5: Búum til spil... og spilum það svo

### Kennsluleiðbeiningar

Sennilega er hæfilegt að 2-4 búi til spil saman. Allur hópurinn getur líka hjálpast að við að búa til eitt spil saman (en 2-4 spila svo saman á borði þegar spilið er tilbúið). Á næstu síðu má sjá spilaborðið sem unnið er með. Krakkarnir eiga svo ákveða hvað gerist á hverjum reit. Búið er að skrifa tvö dæmi inn á spilaborðið um það sem getur gerst á hverjum reit.

Hugmyndir að því sem getur staðið á reitunum:

- Ég bjó (ekki) um rúmið mitt.
- Ég tók (ekki) til í herberginu mínu.
- Ég hjálpaði (ekki) til við að hreinsa garðinn heima.
- Ég braut (ekki) saman fötin mín.
- Ég hjálpaði til við að gera innkaupalista.
- Ég henti (ekki) í ruslið.
- Ég flokkaði (ekki) endurvinnanlegt rusl.
- Ég vökvaði (ekki) blómin.
- Ég gaf gömul föt til góðgerðarsamtaka.
- Ég stal peningum.
- Ég spara reglulega.

Þetta eru einungis nokkrar hugmyndir til að koma ykkur af stað en skemmtilegast og gagnlegast er ef krakkarnir geta fengið hugmyndir sjálf. Ef það er of lítið pláss til að skrifa inn í reitina á spilaborðinu má einfaldlega merkja reitina með tölustöfum eða öðrum táknum og hafa leiðbeiningar um hvað gerist á hverjum reit á sérstöku blaði.

Hugmyndin er að hver og einn leikmaður fái það (eða ígildi þess) og svo kasta þátttakendur tenging til skiptis og færast fram og aftur eftir því sem leiðbeingarnar á reitunum segja til um. Þegar lent er á reit með jákvæðum skilaboðum (t.d. „Ég tók til í herberginu mínu“) geta leikmenn færst einn eða tvo reiti áfram eða fengið að gera aftur. Hið öfuga á svo við þegar neikvæð skilaboð eru á reitunum. Þá er velkomið að smíða nýjar reglur eins og nemendum og leiðbeinendum dettur í hug.

Hver og einn getur fengið ljósrit af spilinunni til að geyma í möppunni sinni.

**Gildi:** Hjálpssemi, sjálfstæði, ábyrgð á eigin lífi og annarra.

**Markmið:** Að efla nemendur til frjórrar hugsunar og sköpunar. Að fá nemendur til að hugsa um allt það sem þau geta gert til að vera bæði sjálfstæðari og hjálpsamari einstaklingar.

**Boðskapur:** Það er gaman að kanna, hugsa, skapa og leika. Ég sem einstaklingur er alltaf fær um að bæta mig, taka ábyrgð og hjálpa öðrum. Það mun skila mér áfram.

Ábending á viðbótarverkefni (aftast í heftinu):

- Það sem Aflatún félagar venja sig á að gera reglulega

**Byrja**

Við heitum:

Spilið okkar heitir:

Ég gekk um hverfið og safnaði saman flöskum og dósum til að endurvinna. Ég má kasta aftur.

Ég slökkti ekki ljósina í herberginu þegar ég fór út. Ég þarf að fara aftur um einn reit.

**MARK! Þú hefur sigrað!**




## Bréf frá Loga Aflatún



Hæ krakkar og velkomin á fund í Aflatún félaginu. Í dag langar mig að segja ykkur frá vinum mínum úti í heimi. Eins og þið vitið þekki ég krakka frá öllum heimshornum. Fyrsta Aflatún félagið var stofnað á Indlandi fyrir mörgum árum og síðan þá hafa þúsundir Aflatún félaga verið stofnuð um alla heim, í Afríku, Asíu, Ameríku og Evrópu. Þeir sem eru í Aflatún félagi eiga margt sameiginlegt, alveg sama hvar þeir eru staddir í heiminu. Allir Aflatún félagar hugsa þannig vel um jörðina, henda aldrei rusli úti á götu og leggja sig fram við að endurvinna og endurnýta þegar það er hægt. Allir Aflatún félagar leggja sig líka fram við að vera kurteisir og hjálpsamir. Hvaða fleiri góðu hluti haldið þið að allir Aflatún félagar leggi sig fram við að gera?

Í dag ætla ég að gefa ykkur Aflatún spil. En áður en við getum byrjað að spila þurfið þið að hjálpa mér að klára að búa til spilið. Þetta verður ótrúlega skemmtilegt. Góða skemmtun.

Kveðja, Logi Aflatún.



## Fundur 6: Óskalistinn

### Kennsluleiðbeiningar

Á þessum fundi eiga nemendur að gera óskalista. Hér eru grundvallarskilaboðin þau að til þess að geta eignast það sem við þurfum eða langar í verðum við að byrja á því að spara fyrir því. Við getum ekki bara farið út í búð og keypt allt sem hugurinn gírnist, við þurfum að forgangsraða og við þurfum að spara (eiga fyrir hlutunum). Að gera óskalista er hluti af því að halda vel utan um fjármál sín og skilja fjárhagsleg/sparnaðarleg markmið sín.

Talið við krakkana um muninn á þörfum og löngunum. Hvað er það sem við raunverulega *þurfum*? Er eitthvað sem öll börn alls staðar í heiminum *þurfa*? Er þessum *þörfum* mætt alls staðar í heiminum? Tengjið þannig við önnur Aflatún börn í fátækari löndum. Hafa þau sömu þarfir og við?

Það er allt í lagi að *langa* í eitthvað og það er í lagi að kaupa það sem okkur langar í, sérstaklega ef við byrjum á því að safna fyrir því og fáum leyfi og góð ráð frá fullorðnum. En á sama tíma er hollt að velta fyrir sér hvort þetta sé eitthvað sem við *þörfnumst* eða *langar* einfaldlega í. Þá er líka hollt að staldra aðeins við og sjá hvort okkur langar ennþá í þennan hlut eftir nokkrar vikur og geyma þá peningana áfram í sparibauknum þar til við erum viss. Talið einnig um forgangsröðun markmiða og hvernig það er auðvelt að ná markmiðum sínum með samvirkusemi og dugnaði.

Tilvalið er að fara í einhverja leiki þegar allir eru búnir að útbúa óskalistann sinn. Óskalistann geta krakkarnir ýmist tekið með sér heim eða geymt í verkefnaöppu í skólanum/frístundaheimilinu.

**Gildi:** Skipulagning, skynsemi, ábyrgð.

**Markmið:** Að tengja sparnað við önnur markmið sem fylgt geta í kjölfar sparnaðar.

**Boðskapur:** Það að spara reglulega gerir okkur kleift að kaupa hluti síðar. Það er gott ráð að gera óskalista yfir það sem mann langar í eða vantar. Þannig kemur maður betra skipulagi á hugsanir sínar og getur áttað sig betur á hvað það er sem mann raunverulega langar í eða vantar. Að gera óskalista er hluti af því að halda vel utan um fjármál sín og skilja fjárhagsleg/sparnaðarleg markmið sín. Það er munur á því sem þú þarft og því sem þig langar í.

Ábending á viðbótarverkefni (aftast í heftinu):

- Þarfir og langanir
- Innkaupalisti og verðkönnun

## Bréf frá Loga Aflatún



Hæ krakkar! Stundum langar okkur í einhverja hluti eins og leikföng, bækur og tölvuleiki. Áður en við getum farið út í búð og keypt þá hluti sem okkur langar í eða þörfnumst þurfum við fyrst að safna



Sparibaukar úr bambus  
Þessir krakkar þekkja Loga Aflatún

okkur fyrir þeim, ekki satt? Var ég nokkurn tíma búinn að segja ykkur frá vinum mínum, þeim Einari og Klöru? Einar og Klara eru 9 ára. Þau eru bæði afskaplega dugleg að safna peningum í sparibaukana sína. Þeim finnst gaman að heyra hljóðið sem kemur þegar þau setja klink í sparibaukinn sinn. Vitið þið hvað klink er krakkar?

Einar og Klara eru bæði búin að læra að ef þau langar að kaupa sér eitthvað þurfa þau fyrst að safna sér fyrir því. Klöru langar í fótbolta en Einar langar í nýja bók. Þau hafa því sett sér markmið að safna nægum peningum í sparibaukana sína svo þau geti eignast boltann og bókina. Hafið þið einhver tíma ákveðið að safna ykkur fyrir einhverju sem ykkur langar í krakkar? Fyrsta skrefið að því að eignast eitthvað sem ykkur langar í er alltaf að spara.

Á ferðalögum mínum um heiminn hef ég lært svo ótal margt spennandi sem ég vissi ekki áður. Vissuð þið krakkar, að það hefur tíðkast í mörg hundruð ár að börn, eins og þið, safni peningum í lítinn kassa eða annað ílát eins og sparibauk?

Aflatún félagar um allan heim safna peningum reglulega í Aflatún kistlana sína eða í sparibauk. Á Íslandi safna krakkar yfirleitt peningum í sérstaka sparibauka. Eigið þið ekki örugglega sparibauk krakkar?

Ég hef komið til allra heimshorna og hef ég séð alls kyns sparibauka. Sumir voru gerðir úr skókössum, sumir úr leir, aðrir úr kókosshnetum og enn aðrir úr bambusprikum. Trúið þið því?

Eitt sinn ferðaðist ég til Englands þar sem allir töluðu að sjálfsögðu ensku. Þar lærði ég að á ensku heita sparibaukar „piggy banks“ en það er vegna þess að í gamla daga voru sparibaukar búnir til úr leir og oft eins og litlir grísir í laginu en „piggy“ er enska orðið yfir grís. Á Íslandi köllum við svona sparibauka *sparigrís*.

Þegar ég var í Japan lærði ég að þar kallast sparibaukar Maneki Neko og eru stytur í laginu eins og köttur.

Eitt af því sem allir Aflatún félagar um allan heim reyna að gera er að spara reglulega. Þess vegna er mikilvægt að sem flestir Aflatún félagar eigi sparibauk til að geyma pening í. Ef þið eigið ekki sparibauk skulu þið fá einhvern heima til að hjálpa ykkur að útvega sparibauk eða búa hann til sjálf.



Maneki Neko

Það sem ég vil að þið gerið í dag krakkar er að búa til óskalista. Búið þið ekki stundum til óskalista fyrir jólin eða afmælið ykkar? Í dag langar mig að biðja ykkur um að gera óskalista fyrir ykkur *sjálf*. Ef þið viljið eignast eitthvað verðið þið fyrst að eiga næga peninga til að kaupa það. Og til þess að eiga næga peninga þarf maður að byrja á að spara. Áður en þið ákveðið að kaupa eitthvað sem ykkur langar mikið í eða þurfið, er líka nauðsynlegt að spyrja mömmu og pabba eða annan fullorðinn heima um leyfi og góð ráð.

Að gera óskalista hjálpar manni að sjá hvaða hluti maður þarf eða langar í. Kannski tekur stuttan tíma að safna fyrir einhverju sem þú setur á listann en lengri tíma að safna fyrir öðrum dýrari hlutum, kannski mörg ár. Mundu bara að spara reglulega og þá verður auðveldara en þú heldur að safna fyrir því sem þig langar í. Þú getur líka forgangsraðað hlutunum á listanum en það þýðir að þú setur það sem þú vilt safna þér fyrir fyrst, efst á listann.


Kannski þarftu ekki að kaupa neitt og þá getur þú skrifað niður á listann einhver önnur góð markmið sem þú hefur. Til dæmis að standa þig áfram vel í skólanum, halda áfram að spara, hjálpa fullorðna fólkinu heima með húsverkin eða eitthvað annað sem þér dettur í hug.

Hefjumst handa og góða skemmtun, Logi Aflatún.



Nafn: \_\_\_\_\_

### Óskalistinn minn

Teiknaðu mynd af því sem er efst á óskalistanum þínum:

--

## Fundur 7: Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

### Kennsluleiðbeiningar

Eitt meginmarkmið Aflatún er að upplýsa öll börn um að þau njóti sérstakra réttinda sem þau eiga að geta sótt skilyrðislaust. Á þessum fundi er ætlunin að fjalla um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þau réttindi barna sem þar eru viðurkennd. Hugmyndin er að fræða nemendur um Barnasáttmálann, réttindin og mikilvægi þeirra og kalla á umræður um mannréttindi barna og hvort þau séu tryggð alls staðar í heiminum.

Kynnið nemendum hugtakið *réttindi* sem þær grunnreglur sem okkur ber að virða svo hver og einn einstaklingur fái notið virðingar, frelsis og réttlætis. Vegna þess að börn eru ekki jafn þroskuð og fullorðnir njóta þau ekki allra sömu réttinda og þeir (börn fá t.d. ekki að kjósa), en börn fá sérstök önnur réttindi í staðinn sem eiga að tryggja þeim lífsviðurværi, vernd, umhyggju og umhverfi sem hjálpar þeim að þroskast eðlilega. Börn hafa þannig þarfir sem þau eiga erfitt með að mæta upp á eigin spýtur en fullorðna fólkið á að tryggja að þörfum þeirra sé mætt. Börn eru ekki óaðri fullorðna fólkinu þó það sé munur á þessum tveimur hópum. Veltið fyrir ykkur muninum á börnum og fullorðnum og hvernig þessir hópar eiga að koma fram hvor við annan. Börn hafa líka einhverjar skyldur gagnvart fullorðnu fólki, ekki satt? Börn hafa t.d. skyldur gagnvart fjölskyldu sinni. Veltið fyrir ykkur hvaða skyldur það geta verið.

Aflatún fjallar aldrei um réttindi án þess að fjalla um skyldur í sömu andrá. Þannig sýnum við fram á að við öll, fullorðnir og börn, berum saman ábyrgð á því að öllum líði vel. Börn eiga t.d. rétt á að fá mat og holla næringu, en þeim er líka skylt á móti að sóa ekki mat að óþörfu. Börn eiga rétt á menntun, þau verða því að hegða sér vel í skólanum og koma vel fram við hin börnin sem eiga rétt á að líða vel í skólanum og hafa næði til að læra. Þetta eru dæmi um það hvernig réttindi og skyldur fara hönd í hönd. Reynið að finna fleiri dæmi.

Hér að neðan eru gefnar upplýsingar um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem leiðbeinandi getur nýtt sér til að fræða nemendur og leiða svo áfram umræðurnar. Þá eru einnig gefnar ýmsar tillögur að samræðum um mannréttindi og sérstök réttindi barna.

### Um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Sameinuðu þjóðirnar (SP) eru samtök 193 sjálfstæðra ríkja sem stofnuð voru árið 1945. Sameinuðu þjóðunum er ætlað að stuðla að friði og öryggi í heiminum, aukinni samvinnu milli ríkja, vera vettvangur friðsamlegra lausna á deilum og tryggja mannréttindi. Árið 1989 samþykkti Allsherjarþing SP svokallaðan *Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. Þessi mannréttindasamningur er yfirleitt kallaður *Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna*. Hann er fullgildur á Íslandi og íslenskum stjórnvöldum er því skylt að fara eftir ákvæðum hans. Barnasáttmálinn er sá mannréttindasamningur sem flest ríki heims hafa samþykkt. Því miður vantar þó ennþá mikið upp á að ríkin fari öll eftir ákvæðum hans. Þannig eru mannréttindi barna víða brotin enn þann dag í dag.

Barnasáttmálinn viðurkennir sérstök mannréttindi barna. Hann lögfestir þær skyldur að tryggja að hvert barn, án nokkurrar mismununar, njóti sérstakrar verndar og umönnunar, að það geti að fullu



þroskað hæfileika sína og getu, vaxið úr grasi við ást, skilning og hamingju og sé upplýst um og taki þátt í að móta málefni sem það varðar.

Barnasáttmálanum er þannig ætlað að tryggja sérstaklega réttindi allra barna enda krefjast aðstæður og staða barna í samfélaginu þess að sérstakt tillit sé tekið til þeirra. Barnasáttmálinn er þannig viðbót við aðra mannréttindasáttmála (t.d. Mannréttindayfirlýsingu SP og Mannréttindasáttmála Evrópu) sem segja til um að tryggja skuli öllum, börnum og fullorðnum, mannréttindi.

Sáttmálinn tryggir öllum börnum upp að 18 ára aldri réttindi til lífsafkomu, þroska, verndar og þátttöku. Börn eiga rétt á því að tekið sé tillit til þeirra og að þau séu spurð áhlits um málefni sem snerta þau í samræmi við aldur þeirra og þroska. Öll börn eiga rétt á grunnmenntun, heilbrigðisþjónustu og félagslega heilbrigðu og frjálsu umhverfi. Engu barni skal mismunað vegna stöðu sinnar, trúar, litarháttar, þjóðernis, kynferðis eða annars. Og það sem er börnum fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar gerðar eru ráðstafanir er varða börn.

Nánari upplýsingar um Barnasáttmála SP: [www.barnasattmali.is](http://www.barnasattmali.is)

Á vef þessum er einnig skemmtileg framsetning upplýsinga fyrir börn um Barnasáttmálann og gagnvirk verkefni úr efni hans. Ef Aflatún félagið hefur aðgang að tölvum er hægt að nýta fundinn (eða næsta fund) til að heimsækja þennan vef, fræðast meira og gera verkefni sem þar er að finna.

**Gildi:** Virðing fyrir mannréttindum, jafnrétti og mannúð.

**Markmið:** Að upplýsa nemendur um sérstök réttindi barna og hvert sé hægt að sækja þessi réttindi. Að upplýsa um bága stöðu margra í heiminum þegar kemur að virðingu fyrir mannréttindum, ekki síst barna.

**Boðskapur:** Öll börn hafa sérstök viðurkennd réttindi sem á að bera virðingu fyrir. Við viljum að öllum börnum sé gerð grein fyrir réttindum sínum og að öll börn fái notið réttinda sinna.

## Umræður

- Ræðið um söguna af Adhiru (sjá bréf). Er ekki verið að brjóta á öllum fjórum grunnréttindum hennar, réttinum til lífsafkomu, verndar, þroska og þátttöku?
- Fá öll börn í heiminum í dag notið réttinda sinna?
- Víða úti í heimi eru börn neydd til að vinna erfiðisvinnu. Er það í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna? En þau börn sem ekki fá að fara í skóla að læra að lesa og reikna, er verið að brjóta á þeim?
- Hver er munurinn á réttindum og forréttindum? Takið ólík dæmi og metið hvað eru réttindi og hvað eru forréttindi. Að eiga sjónvarp, eru það forréttindi eða réttindi? En að eiga húsaskjól? Takið fleiri dæmi.
- Hvernig tengjast réttindi og skyldur?
- eru einhver tengsl milli réttinda, t.d. réttisins til lífsafkomu, og því sem við skilgreinum sem *þarfir*. Ef þið í Aflatún félaginu hafið áður talað saman um muninn á *þörfum* og *löngunum* er

hægt að tengja það umræðunni um réttindi. Við þurfum t.d. hreint vatn til að komast af, og þess vegna á að tryggja öllum börnum aðgang að hreinu vatni.

- Aflatún vill að öll börn séu upplýst um réttindi sín. Af hverju er það mikilvægt?
- Hvað getum við á Íslandi gert til að reyna að tryggja það að öll börn í heiminum fái notið réttinda sinna? Hvað getum við í Aflatún félaginu gert?

## Bréf frá Loga Aflatún



Góðan dag krakkar.

Í dag langar mig að segja ykkur örlítið frá því sem við köllum mannréttindi, hafið þið einhver tíma heyrt þetta orð: *mannréttindi*? Vissuð þið til dæmis að öll börn í heiminum eiga rétt á því að fara í skóla? Og að öll börn í heiminum eiga rétt á því að fá vernd, húsaskjól og læknishjálp. Allt þetta eru dæmi um mannréttindi barna. Á Íslandi ganga öll börn í skóla og læra að lesa, skrifa og reikna. En í mörgum löndum úti í heimi búa börn við erfiðar aðstæður. Sum þeirra eiga ekki húsaskjól og sum þeirra eru neydd til að vinna og fá ekki að fara í skóla. Við segjum að það sé brotið á réttindum þessara barna og það er aldrei gott.

Fyrst þegar ég kom til jarðarinnar kom ég til lands sem þið hafið örugglega heyrt um áður og heitir Indland. Á Indlandi er margt gríðarlega spennandi og merkilegt að sjá og þar býr meira en einn milljarður manna. Vitið þið hvað búa margir á Íslandi? (svar: 320.000.) Á Indlandi eru 450 milljón börn og því miður eru allt of mörg þeirra sem aldrei fá að fara í skóla og mörg þeirra búa við mjög slæmar aðstæður, sum eiga hvergi heima og þurfa að sofa úti á götu.



Börn í fátækrahverfinu *Jeevan Nagar* í Nýju Delí, höfuðborg Indlands

© 2010 Rupal Shah

Á Indlandi kynntist ég stelpu sem heitir Adhira. Adhira er mjög klár og dugleg 11 ára stelpa. Fyrir nokkrum árum bjó hún við hræðilegar aðstæður þar sem brotið var á grunnréttindum hennar. Adhira þurfti að vinna því fjölskyldan hennar var svo fátæk og mamma hennar var svo veik að hún gat ekki

séð fyrir börnunum sínum. Adhira vann erfiðisvinnu 10 tíma á dag og fólkið sem hún vann hjá kom illa fram við hana og meiddi hana ef hún gerði mistök. Adhira var oft svöng því launin hennar voru ekki nægilega há til að kaupa nóg að borða. Hún gat ekki mætt í skólann, því hún þurfi að vinna. Adhiru dreymdi um að geta gengið í skóla til að læra að lesa, skrifa og reikna. Stóri frændi Adhiru, sem heitir Shamu, frétti af því hvernig komið var fyrir fjölskyldunni hennar Adhiru og kom til að bjarga þeim. Í dag er Adhira í skóla þar sem hún fær eina heita máltíða á dag, lærir að lesa, skrifa, reikna og auðvitað að spara peninga enda er hún í Aflatún félaginu í skólanum sínum. Í framtíðinni ætlar Adhira að verða kennari.

Í dag langar mig til að fá ykkur snillingana í Aflatún félaginu til að tala saman um söguna af henni Adhiru og um réttindi barna. Hvað hafið þið um þetta allt að segja?

Kær kveðja, Logi Aflatún.



## Fundur 8: Peningar

### Kennsluleiðbeiningar

Fyrir þennan fund eru gefnar upp nokkuð margar tillögur að verkefnum og umræðuefnum. Það er því mögulegt að dreifa efninu yfir fleiri en einn fund ef vilji er fyrir hendi, annars þarf líklega að velja úr verkefnum og sleppa einhverjum þeirra. Kennslupeningar eru skammtilegt tæki sem bjóða upp á marga möguleika. Nokkrar tillögur að verkefnum eru gefnar hér að neðan sem krefjast notkunar slíkra peninga.<sup>2</sup> Þá eru líka lagðar til nokkrar hugmyndir að umræðum sem tengjast peningum sem gagnlegt væri að taka fyrir á þessum fundi. Eins fylgja upplýsingar um íslensku peningana þannig að leiðbeinandi getur frætt nemendur um íslensku peningana ef áhugi er fyrir hendi. Ef sýna á myndir af raunverulegum peningum, t.d. á skjávarpa (hægt að fá myndir á heimasíðu Seðlabanka Íslands: <http://www.seðlabanki.is/?PageID=12>) er hægt að tala um og sýna öryggisþættina (t.d. vatnsmerkin) á seðlunum. Þá er einnig hægt vera með einn eða tvo alvöru seðla á staðnum og sýna nemendum, leyfa þeim að finna blindamerkin o.s.frv.

Þá er tilvalið að minna aðeins á sparibaukana og sparnaðarbókina á þessum fundi.

**Gildi:** Virði peninga, almenn þekking, góð umgengni um verðmæti, skipulagning.

**Markmið:** Að nemendur kynnist íslensku peningunum og upphæðunum sem þeir tákna. Að nemendur æfi sig að reikna peningalegar stærðir.

**Boðskapur:** Peningar eru mikilvægt tæki sem við þurfum að nota á hverjum degi. Það er mikilvægt að hafa skilning á peningum, hugsa vel um þá og átta sig á því að þeir vaxa ekki á trjánnum heldur eru þeir geymsla verðmæta og við þurfum að umgangast þá í samræmi við það.

### Verkefni

Fyrstu verkefni tvö þarfnast kennslupeninga. Kennslupeninga er ýmist hægt að kaupa í vefverslun Námsgagnastofnunnar<sup>2</sup> eða útbúa með því að teikna eftirlíkingar af íslensku peningunum, ljósrita og klippa út.

1. **Einfaldur leikur:** Ritið tiltekna upphæð á blað eða á umslag og biðjið nemendur um að finna til kennslupeninga sem samsvarar upphæðinni og setja ofan á blaðið eða inn í umslagið.

2. **Verzlunarleikur:** Nemendur læra að gefa/fá til baka úr verslun. Nemendur skiptast þá á að „afgreiða“ og „kaupa“ í verslun. Gott er að vera með reiknivél við höndina. Vörur í búðinni eru þá merktar fyrirfram og neytandi verður að velja og hafna. Vörunar eru þeir hlutir sem þið hafið við höndina. Leikurinn gengur svo út á að kaupa vörunar og fá rétt til baka. Munið að báðir aðilar eiga að ganga úr skugga um að rétt sé gefið til baka.

---

<sup>2</sup> <http://www.nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/?productid=96f9d611-466e-488b-a682-f824bed49b4a>

3. **Að halda utan um fjárhaginn** (þarnast ekki kennslupeninga en þá má vissulega nota með): Klippið út miðana á næstu síðu, raðið þeim í bunka og snúið á hvolf. Hver nemandi fær blað eins og það sem er á þar-næstu síðu. Nemendum er skipt í tveggja til þriggja manna hópa og fær hvert par/hópur sinn bunka. Nemendur draga svo spjöld úr bunkanum til skiptis. Hver og einn á svo að halda utan um fjárhag sinn með því að skrá á blaðið sitt upphæðir í samræmi við þau spjöld sem viðkomandi dregur. Búið til fleiri og fjölbreyttari spjöld að vild. Spjöldin á næstu síðu innihalda aðeins tekjur en hægt er að hafa spjöld með útgjöldum („þú kaupir...“) í bunkanum líka. Þá er hægt að hugsa sér leikinn þannig að *aðeins* séu spjöld með útgjöldum í bunkanum og að hver og einn hafi tiltekna upphæð peninga á hendi þegar byrjað er að spila en þurfi svo að draga frá jafnóðum og nýtt spjald er dregið. Gott er að vera með reiknivél við höndina.

1. Amma gefur þér afganginn eftir að þú fórst út í búð að kaupa egg. 150 kr.	2. Tannálfurinn gefur þér 100 kr. því þú settir tönn undir koddann.
3. Þú átt afmæli og færð 1.000 kr. í afmælisgjöf frá frænku þinni.	4. Afi gefur þér 300 kr. fyrir að hjálpa honum að moka snjó af tröppunum.
5. Þú finnur veski úti á götu og skilar því til eigandans. Þú færð 500 kr. í fundarlaun.	6. Þú bakar 10 smákökur og selur nágranna þínum þær fyrir 50 kr. stykkið.
7. Þú fórst út með ruslið og hjálpaðir til við uppvaskið. Þú færð 200 kr. að launum til að setja í sparibaukinn þinn.	8. Þú finnur 50 kr. á götunni á leið heim úr skólanum.
9.	10.
11.	12.
13.	14.
15.	16.

# Fjárhagur minn

Nafn: \_\_\_\_\_

Spjald nr.	Upphæð

Samtals:

\_\_\_\_\_





## Tillögur að umræðum um peninga

- Til hvers notum við peninga?
- Þekkið þið íslensku peningana? Hvernig líta þeir út og hvers virði eru þeir?
- Hvað haldið þið að fólk hafi gert áður en það fór að nota peninga? [1. Vöruskipti. 2. Ýmsir hlutir notaðir sem gjaldmiðlar, oftast hlutir með eitthvað innra verðgildi, t.d. vaðmál á Íslandi til forna.]
- Af hverju er bannað að falsa peninga?
- Af hverju er mikilvægt að hugsa vel um peningana sína?
- Er hægt að nota einhverjar aðrar leiðir til að borga úti í búð heldur en að reiða fram peninga?
- Núna eru peningar oftast ekki rafrænir, bara tölustafir í tölvu, en þeir þjóna alveg sama tilgangi þar þó þeir séu bara í tölvu. Tilgangur peninga er:
  1. Að auðvelda okkur að hafa viðskipti hvert við annað þannig að allir eigi sem auðveldast með að nálgast það sem vantar þá stundina.
  2. Geyma verðmæti (eignir) okkar.
  3. Að auðvelda okkur að setja verð á hlutina og bera saman verð. Peningar eru þannig mælikvarði á virði hluta og með því að nota öll sama mælikvarðann erum við að auðvelda öll viðskipti okkar á milli.

## Um íslensku peningana

### Mynt:

1 króna: Á framhliðinni er mynd af bergrisa, landvætti Suðurlands. Á bakhliðinni er mynd af þorski.

Á framhlið allra hinna myntanna er stílfærð mynd af landvættum Íslands sem sagt er frá í *Heimskringlu* Snorra Sturlusonar og prýða skjaldarmerki Íslands sem er merki íslenskra stjórnvalda og íslenska ríkisins. Þessi hlið peninganna er jafnan kölluð „skjaldamerkið“ í daglegu tali. Landvættur Suðurlands er bergrisi sem gnæfði yfir fjöllin á Reykjanesi og landvættur Austurlands er dreki sem sást við Vopnafjörð. Á Norðurlandi var gammur (gríðarstór fugl) sem sást í Eyjafirði og í Borgarnesi sást landvættur Vesturlands, griðungurinn.

5 krónur: Á bakhlið er mynd af höfrungum.

10 krónur: Á bakhlið er mynd af loðnu.

50 krónur: Á bakhlið er mynd af bogkrabba.

100 krónur: Á bakhlið er mynd af hrognkelsi.

### Seðlar:

500 krónur: Á framhlið er mynd af Jóni Sigurðssyni (forseta), helsta leiðtoga Íslands í sjálfstæðisbaráttunni á 19. öld. Hann fæddist 17. júní 1811. Á bakhlið seðilsins sést hann við skriftir ásamt smærri mynd af Menntaskólanum í Reykjavík (Lærða skólanum).

1000 krónur: Á framhlið er mynd af Brynjólfi Sveinssyni (1605-1675) biskupi í Skálholti. Á bakhlið er mynd af Brynjólfskirkju í Skálholti en til hliðar er Maríumynd úr fingurgulli sem biskupinn átti.

2000 krónur: Á framhlið er mynd af Jóhannesi S. Kjarval (1885-1972) listmálara. Á bakliðinni er annars vegar mynd hans, *Flugþrá* og hins vegar teikning eftir hann, *Kona og blóm*.

5000 krónur: Á framhlið er mynd af Ragnheiði Jónsdóttur (1646-1715) biskupsfrú á Hólum. Til hliðar er Gísli Þorláksson biskup og fyrri eiginmaður hennar ásamt tveimur fyrri konum sínum, Gróu Þorleifsdóttur og Ingibjörgu Benediktsdóttur. Á bakhlið er Ragnheiður við hannyrðir og til hliðar er fangamark hennar.

10.000 krónur: Seðlabanki Íslands gaf það út vorið 2012 að 10.000 kr. seðill væri væntanlegur árið 2013. Þegar þetta er skrifað hvílir enn mikil leynd yfir útliti seðilsins en þó hefur verið upplýst að hann muni skarta myndum af Jónasi Hallgrímssyni (1807-1845) og heiðlóunni.

## Bréf frá Loga Aflatún



Sælir krakkar. Í dag langar mig að segja ykkur aðeins frá peningum. Peningar eru nefnilega svolítið merkilegt fyrirbæri. Ímyndið ykkur að það væru engir peningar til. Hvernig færum við að því að borga fyrir matinn úti í búíð ef það væru engir peningar? Hvað haldið þið að fólk hafi gert áður en það fór að nota peninga til að borga með?

Áður en peningar komu til sögunnar stundaði fólk það sem við köllum *vöruskipti*. Í þá daga, fyrir þúsundum ára, voru flestir annað hvort bændur eða veiðimenn. Bóndi sem átti bara kindur gat þá skipt ullinni af kindunum fyrir grænmeti af grænmetisbóndanum, veiðimaðurinn gat skipt fisk fyrir grænmeti líka, kornbóndinn bjó til brauð og fékk fisk hjá veiðimanninum og svona gekk þetta, svolítið flókið... ekki satt? Eftir því sem líf mannsins varð flóknara urðu þessi vöruskipti flóknari.

Þá fundu menn upp á peningum til að auðvelda sér að eiga viðskipti hver við annan. Í dag notar fólk um allan heim mismunandi peninga. Þekkið þið íslensku peningana? En einhverja útlenska peninga?

Þegar land er með sína eigin peninga er sagt að það hafi sinn eigin gjaldmiðil. Íslenska krónan er þannig gjaldmiðillinn á Íslandi. Á ferðalögum mínum um heimin hef ég þurft að nota alls kyns ólíka gjaldmiðla og það getur stundum verið ruglingslegt. Það er því nauðsynlegt að æfa sig að reikna með peningum. Í dag skulum við fræðast meira um peninga og æfa okkur að reikna með peningum.

Kær kveðja, Logi Aflatún.



## Fundur 9: Að fara sparlega með auðlindir, endurvinnna og endurnýta

### Kennsluleiðbeiningar

Í þessum fundi er rætt um mikilvægi þess að fara sparlega með takmarkaðar auðlindir jarðarinnar. Aflatún leggur áherslu á þrenns konar *sparnað*. Í fyrsta lagi að fara vel með öll verðmæti, efnislega sem tilfinningaleg (fundur 3). Í öðru lagi leggur Aflatún áherslu á reglulegan peningalegan sparnað og að Aflatún félagar eignist sparibauk (fundur 4) og í þriðja lagi leggur Aflatún áherslu á að fara sparlega með auðlindir og samgæði (þessi fundur). Í þessu samhengi er auðvelt að átti sig á því að endurvinnsla og endurnýting hluta er ein tegund sparnaðar. Endurvinnsla hvers og eins er ekki aðeins lóð á vogarskálarnar við að vernda umhverfið og fara vel með takmarkaðar auðlindir heldur getur hún stuðlað að beinum fjárhagslegum ávinningi með margvíslegum hætti og hið sama á við um endurnýtingu hluta.

**Gildi:** Virðing fyrir umhverfinu, endurnýting og endurvinnsla, að fara sparlega með auðlindir.

**Markmið:** Að fá nemendur til að átta sig á því að auðlindir eru ekki endalausar og þess vegna verður að fara sparlega með þær.

**Boðskapur:** Við verðum að fara sparlega með auðlindir og samgæði. Skeytingarleysi gagnvart umhverfinu getur haft óafturkræfar afleiðingar. Við eigum bara eina jörð saman og við verðum að fara sparlega með auðlindir hennar ef þær eiga að nýtast öllum og nýtast til framtíðar.

### Umræður

- Hvað fannst ykkur um söguna? Hver er boðskapurinn með sögunni?
- Hvers vegna kláruðust auðlindirnar á Sólundu? Hvað hefðu íbúarnir átt að gera betur, var það ekki svolítið margt sem þeir gerðu vitlaust? Hvað lærðu þeir?
- Hvernig er ástandið á jörðinni okkar? Þýr jörðin okkar yfir endalausum og ótakmörkuðum auðlindum? Ræðið sérstaklega um Ísland í þessu samhengi. Hvað myndi gerast ef við veiddum og veiddum ótakmarkað af fisknum í sjónum?
- Hvað verður um ruslið okkar eftir að það er tekið í burtu með sorpbílum? Hvað verður um allt það sem hent er í sjóinn?
- Vatn er mikilvæg auðlind, hvers vegna?
- Á Íslandi er mikið hreint vatni, er það alls staðar svo? Hvar er lítið af vatni? Hvort minnkar eða stækkar þessi auðlind?
- Hvað getum við gert til að vernda umhverfið og jörðina? Hvað ætlum við að gera?
- Aflatún félagið gæti tekið umhverfismál, umhverfisvernd og endurvinnslu sérstaklega upp á sína arma og gert einhvers konar aðgerðaráætlun í því samhengi. Næstu Aflatún fundir gætu svo farið í að koma aðgerðaráætlunni í framkvæmd. Hvað getur Aflatún félagið gert í nærsamfélagi sínu? Geta Aflatún félagar tekið höndum saman um að endurvinnna og endurnýta meira? Ræðið málin.

## Verkefni

Hér eru tvær hugmyndir að verklegum verkefnum. Það fyrra, Aflatún skálin, krefst örlítið meiri undirbúnings. Verkefnin byggja á endurvinnslu- og endurnýtingarhugsjón Aflatún. Í því fyrra búa nemendur til skálar úr dagblöðum eða öðrum pappír sem annars færi í ruslið en í því seinna búa þau til luktir úr glerkrukum. Sköpun og hugmyndaflug eiga að vera í fyrirrúmi sem endranær.

### Aflatún skálin

*Efni:* Dagblöð eða annar pappír sem annars færi í ruslið, vatn, bali, veggfóðurslím, töfrasproti, litlar skálar (ein fyrir hvern nemanda), plastfilma, málning, trélím.

*Aðferð:* Rífið dagblöðin niður og setjið í balann. Bætið vatni við og látið liggja í sólarhring. Tætið svo með töfrasprotanum. Bætið veggfóðurslími út í blönduna í litum skömmtum og hrærið á milli þar til blandan verður eins og slímugt deig. Takið skál, hvolfið henni á borð og leggjð plastfilmu yfir. Takið deig og þrýstið á skálina og mótið þannig ykkar eigin skál. Látið þorna (gæti tekið nokkra sólarhringa). Þá er hægt að losa pappírsskálina frá og mála. Látið þorna og málið svo yfir skálina með þunnu lagi af trélími.

Allir í Aflatún félaginu búa þannig til sína eigin Aflatún skál til að taka með heim.

### Aflatún luktin

*Efni:* Glerkrukkur (ein á mann), vír, lím og skraut. Til skrauts geta verið pallíettur, tölur, hnappar, sælgætisbréf (Mackintosh) eða hvað annað sem ykkur dettur í hug eða hendi er næst og tilvalið er að endurnýta með þessum hætti (helst eitthvað verðlaust eða því sem næst). Þá má einnig nota glerliti til að mála krukkurnar.


*Aðferð:* Takið lokið af krukkunum og skilið í endurvinnslu (ál). Vefjið vírnum utan um efsta hluta krukkunnar, þar sem lokið kæmi annars, og festið vírinn einnig í boga þvert yfir opið á krukkunni þannig að úr verði traust handfang á luktina. Skreytið svo með því að líma skraut utan á luktina eða mála með glerlitum. Luktin er til að setja lítið kerti ofan í. Ef þið treystið ykkur til að búa til ykkar eigin kerti út gömlum kertaafgöngum er það einnig tilvalið enda umhverfisvænt.

Hægt er að biðja alla um að koma með glerkrukku að heiman á fundinum á undan.

## Bréf frá Loga Aflatún




Halló krakkar, í dag langar mig að segja ykkur skrýtna sögu af fjarlægri plánetu. Það er nefnilega þannig að eitt sinn, áður en ég kom til jarðarinnar, átti ég heima úti í geimnum, á Aflatún plánetunni. Eins og þið vitið er ég einstaklega forvitinn eldhnöttur og ef ég sé eitthvað áhugavert verð ég hreinlega að fara af stað og kanna málið. Þannig læri ég alltaf eitthvað nýtt á hverjum degi.



Nokkrum árum áður en ég kom auga á jörðina ykkar stóð ég eitt kvöldið með stjörnuvíkinginn minn og góndi út í himinhvolfið. Allt í einu rak í augun í litla og einkennilega plánetu. Hún leit nefnilega út fyrir að vera gerð úr súkkulaði. „Pláneta úr súkkulaði“ sagði ég upphátt. „Þangað verð ég að fara! Ég verð að kanna málið.“ Eftir að hafa pakkað niður stjörnuvíkinginum og helstu nauðsynjum hélt ég strax af stað. Ég flaug á ógnarhraða um geiminn, framhá alls kyns fallegum stjörnum, en ég gat ekki hætt að hugsa um þessa girnilegu súkkulaðiplánetu. Varð þetta virkilega satt? Var þetta heil súkkulaðipláneta?

Þegar ég komst loks á áfangastað og lenti á plánetunni blasti við mér furðuleg sjón. Þetta var satt! Plánetan var úr súkkulaði, og það var ekki einu sinni allt. Þessi litla pláneta var nefnilega ekki bara gerð úr súkkulaði heldur alls kyns sælgæti og öðru góðgæti. Þarna var ekki bara nammi heldur kökur, vínarbrauð, snúðar og rjómaís í massavís. Þessi pláneta var alveg dísæt. Heilt stórfliót úr mjólkursúkkulaði liðaðist um plánetuna og gríðarstór brjóstsykursfjöll stigu til himins. Skýin á himninum voru sykarpúðar og kandífloss en trén á jörðu niðri voru úr súkkulaði og lakkrís. Var þetta paradís?




Eftir að hafa litast um í nokkurn tíma, gapandi af undrun, kom ég loks auga á íbúa þessarar sykursætu plánetu. Íbúarnir voru skrýtnar en vinalegar geimverur sem minntu helst á stóra maura, um það bil einn metri á hæð og sterkbyggðir. Þessar vinalegu verur komu ekki auga á mig í fyrstu. Allir voru uppteknir við að vinna. Hver einn og einasti íbúi plánetunnar virtist vera að bera brjótssykursteina niður af fjalli, höggva lakkrístré og ná sykarpúðunum niður af himninum. Allir voru á iði og engin virtist taka eftir mér. Ég gekk upp að nokkrum vinnumaurum og sagði: „Halló, ég er Logi Aflatún, og ég vil gjarnan fá að fræðast örlítið um plánetuna ykkar.“ En ég fékk engin svör, það var eins og ég væri ósýnilegur. Ég missti þó ekki móðinn heldur hækkaði róminn og veifaði höndunum um leið og ég sagði hátt og skýrt: „Halló! Ég er Logi Aflatún, hvað heitir þú?“ Vinalegur vinnumaur snéri sér þá að mér og sagði: „Ó... halló, ég er Magog. Velkominn á plánetuna okkar, Sólundu. Við erum Sólundar, mestu vinnupjarkarnir í vetrarbrautinni.“

Magog tók mér vel, sýndi mér plánetuna sína og við urðum fljótt hinir mestu mátar. Ég komst að því að Sólundar voru sannarlega miklir vinnupjarkar og það var gott, það er gott að vera duglegur. En

eftir nokkra daga varð mér ljóst að Sólundar voru ekki fullkomnir. Sólundar virtust ekki fara vel með plánetuna sína, þessa líka dísætu og dýrmætu plánetu. Þeir sáðu aldrei fyrir nýjum lakkris- og súkkulaðitrjám sem þeir hjuggu niður, þeir köstuðu alls kyns úrgangi í súkkulaðifljótið og brutu niður brjóstsykursfjöllin dag og nótt. Á ógnarstórum ruslahaugum voru hálfétnar kökur og heilu hrúgurnar af ónýtum brjóstsykursmolum og lakkríslengjum.

Ég spurði Magog: „Af hverju farið þið svona illa með plánetuna ykkar, af hverju plantið þið ekki nýjum trjám?“ Magog svaraði um hæl: „Hvers vegna ættum við að gera það, hér er nóg af öllu.“

„Ertu viss um það“ spurði ég. „Einn daginn hljóta auðlindir ykkar að klárast og súkkulaðifljótið að mengast.“



„Láttu ekki svona“ sagði Magog. „Auðlindir okkar eru endalausar, hér er nóg af öllu. Auk þess hendum við bara ruslinu og úrgangnum í sjóinn, sem er reyndar gerður úr appelsíni, en um leið og ruslið sekkur í appelsínugult hafið hverfur það og við þurfum aldrei að hugsa um það aftur.“

Daginn eftir þurfti ég að snúa heim á Aflatún plánetuna. Mamma og pabbi ætluðu að taka til og þrifa heima og ég var að sjálfsgöðu búinn að lofa að taka til í herberginu mínu. Þegar ég er heima stend ég oft úti á palli á kvöldin og horfi út í himingeiminn með stjörnuvíkingnum mínum. Ég fylgdist með plánetunni Sólundu næstu vikurnar og mánuðina. Og það var ekki alltaf fögur sjón. Ég sá hvernig plánetan hans Magog varð smám saman grá og svo svört með tímanum, ruslahaugarnir stækkuðu og stækkuðu og appelsínugula hafið mengaðist og súkkulaðifljótið sömuleiðis. Trjánur fækkaði og fjöllin urðu að engu. Enginn hafði vit á því að fara sparlega með neitt á Sólundu, enginn stundaði endurvinnslu og enginn endurnýtti einn einasta hlut. Öllu var hent á ruslahaugana, í sjóinn eða út í fljótið.

Nokkrum árum síðar snéri ég aftur á Sólundu. Við mér blasti eyðilegging, gríðarstórir ruslahaugar og mengun. Auðlindirnar voru þá ekki endalausar eftir allt. Sólundar voru daprir í bragði, höfðu lítið fyrir stafni og lítið að borða. Ég hitti loks minn gamla vin, Magog. Hann var örvæntingafullur að sjá.

„Kæri vinur Logi Aflatún, er þetta þú?“

„Já“ svaraði ég. „Ég er kominn aftur. Hvað er að sjá plánetuna ykkar?“ spurði ég.

„Auðlindirnar voru víst ekki endalausar, kæru vinur, þú hafðir rétt fyrir þér“ sagði Magog. „Nú er fljótið og hafið mengað, fjöllin jöfnuð við jörðu og öll súkkulaði- og lakkrístréin horfin. Við eigum engin fræ til sá nýjum trjám. Við erum ráðalaus.“

„Kæri Magog“ sagði ég, „þú mátt ekki örvænta. Vissulega fóruð þið illa með plánetuna ykkar, eiginlega alveg hræðilega illa. Og nú verður ekki aftur snúið. Margar af auðlindum ykkar eru uppunar og koma aldrei aftur. En þið megið ekki gefast upp. Þið þurfið að planta nýjum trjám og hreinsa vatnið.“

„En við eigum engin karamellufræ til að sá fyrir nýjum trjám“ dæsti Magog.

„Sjáðu til“ svaraði ég, „því ég er með góðar fréttir. Þegar ég fór heim af Sólundu eftir fyrstu heimsókn mína tók ég með mér poka af karamellum sem féllu af trjánum. Ég ætlaði nefnilega að koma mér upp svona súkkulaðitré með karamellum heima í garðinum á Aflatún plánetunni. Það gekk hins vegar aldrei, á plánetunni minni vaxa víst engin sælgætistré.“

Ég dró upp poka af karamellufræjum og afhenti Magog.

„Takk fyrir Logi, nú verðum við að byrja uppbyggingarstarfið og vona að plánetan okkar lifni aftur við.“

Svo kvaddi ég minn gamla vin og hélt á vit ævintýrana. Ég veit ekki hvernig gengur á plánetunni Sólundu en eitt er víst, það mun taka íbúana mörg, mörg ár að byggja hana aftur upp og það mun kosta mikið strit og mikla vinnu. Græðgin hafði leitt Magog og vini hans í ógöngur en nú hafa íbúar Sólundu lært að fara sparlega með auðlindir og hugsa vel um plánetuna sína og umhverfið. Ég vona bara að það hafi ekki verið of seint.



## Fundur 10: Aflatún félagar

### Kennsluleiðbeiningar

Verkefnið í þessum tíma fellst í því að Aflatún félagið kemur sér saman um einn einstakling (þið getið líka dregið) sem myndar skapalón með því að leggjast á stórt og langt blað. Hinir í Aflatún félaginu draga útlínur þess útvalda á blaðið. Svo er klárað að teikna einhverja persónu út frá útlínunum. Skapið nýja persónu með nýtt nafn en notið ekki þann sem teiknað var eftir (skapalónið) sem fyrirmynd að öðru leyti. Allir eiga að hjálpast að við að klára teikninguna. Hægt er að skipta hópnum upp eða gera allt verkefnið í smærri hópum. Ef þið hafið ekki tæk á því að vera með svona stórt blað er hægt að skipta hópnum upp í smærri hópa, hver hópur fær svo A4 blað og á að teikna einn líkamshluta (haus, bók, fætur, ...). Svo festið þið myndirnar saman.

Að því loknu eiga allir í Aflatún félaginu að koma sér saman um einn góðan eiginleika eða hæfileika hjá hverjum og einum félagi í Aflatún félaginu. Hópurinn á að vinna saman og komast að niðurstöðu um hvern og einn. Að þessu loknu á að skrifa á myndina þessa hæfileika eða eiginleika. Ef það er hægt að tengja þá við ákveðinn líkamshluta er tilvalið að skrifa á jaðar teikningarinnar nálægt þeim líkamshluta, t.d. ef einhver er góður í fótbolta er það skrifað hjá öðrum fætinum: „Tanja er góð í fótbolta eins og Diljá.“ (Tanja er tilbúna persónan á teikningunni en Diljá er í Aflatún félaginu). Allir í Aflatún félaginu fá þannig eitt stórt hrós frá félögum sínum í Aflatún félaginu og helst eiga engir tveir að fá sama hrósið, nema ærin ástæða sé til. Talið um hvernig allir hafa mismunandi eiginleika og hæfileika. Talið einnig um mikilvægi þess að rækta hæfileikana sína og leggja sig fram. Markmiðasetning, dugnaður, agi og samviskusemi er yfirleitt það sem skilar þeim sem skara fram úr árangri. Athugið að hér er ekki aðeins rætt um hæfileika heldur einnig eiginleika, svo sem: „Tanja er góð og hjálpsöm eins og Kári.“ Í því samhengi getið þið rætt um hvað einkennir þann sem er góður og hjálpsamur.

Hægt er að hugsa sér ýmsar aðrar útgáfur af þeim leiðbeiningum sem gefnar eru að ofan. Það sem skiptir mestu máli er að allir fái hrós frá öllum hópnum í sameiningu.

**Gildi:** Sjálfstraust og sjálfsstyrking, samvinna.

**Markmið:** Að nemendur byggir hvern annan upp, vinni saman og komist að sameiginlegum niðurstöðum.

**Boðskapur:** Hvert og eitt okkar hefur góða eiginleika og hæfileika sem við getum nýtt okkur.

Ábending á skemmtilegan leik (aftast í heftinu):

- Stólaleikur

## Bréf frá Loga Aflatún



Hæ krakkar. Bréfið sem þið fái frá mér í dag er stutt og laggott. Ég er nefnilega með stórskemmtilegt verkefni sem mig langar til að fá ykkur til að spreyta ykkur á. Fyrst þurfið þið að skapa persónu og velja á hana nafn. Síðan ætla ég að fá ykkur til að teikna hana saman.

Þegar þið eruð búin að því er komið að mikilvægasta hluta verkefnisins. Allir í Aflatún félaginu eiga að fá hrós frá félögum sínum. Hvert og eitt okkar er einstakt, með einstaka hæfileika og eiginleika og í dag ætlum við að hrósa hvert öðru fyrir það sem við erum góð í og fyrir það sem við gerum vel. Svo vil ég að þið skrifið alla þessa góðu hluti á myndina af persónuninni sem þið skapið. Þessi persóna mun þannig geyma alla bestu kostina ykkar og hæfileika og vera tákn fyrir það hvað þið eru hæfileikaríkir og duglegir einstaklingar sem kunna að vinna saman.

Góða skemmtun og kær kveðja,

Logi Aflatún.



## **Lok: Viðurkenningarskjal (síðasti fundurinn eða í lok síðasta fundar)**

### **Kennsluleiðbeiningar**

Á síðasta fundinum í Aflatún félaginu (eða í lok síðasta fundar) eiga allir að fá viðurkenningarskjal sem vottar að viðkomandi hafi tekið þátt í Aflatún félaginu og verið dugleg/ur í starfinu. Ræðið saman um allt það sem þið hafið gert saman og lært, hvað var skemmtilegast, leiðinlegast, erfiðast, eftirminnilegast o.s.frv. Ræðið um það hvort ekki örugglega allir í félaginu ætli að halda áfram þeim jákvæðu hlutum sem þeir hafa lært og tileinkað sér gegnum Aflatún félagið, t.d. að nota sparibaukinn reglulega, passa upp á Aflatún kistillinn, fara sparlega með öll verðmæti og auðlindir, endurvinnna og endurnýta þegar það er hægt, hugsa vel um umhverfið og náttúruna og vera kurteis og koma vel fram við aðra. Ræðið af hverju það er mikilvægt að gera alla þessa hluti og hvað við getum fengið til baka með því að tileinka okkur þá.

Þá er tilvalið að fara í einhverja af þeim leikjum sem sagt er frá aftar í heftinu.


# AFLATÚN

## VIÐURKENNING

---

Fær viðurkenningu fyrir þátttöku í Aflatún félaginu. Takk fyrir samstarfið og gangi þér vel í framtíðinni. Haltu áfram að vera duglegur Aflatún félagi.

Með kveðju frá Loga Aflatún.



## Bréf frá Loga Aflatún



Hæ krakkar. Þetta er síðasta bréfið sem þið fáið frá mér í bili. Ég er afar stoltur af ykkur og öllu því göfuga, skemmtilega og mikilvæga starfi sem þið hafið leitt í Aflatún félaginu ykkar. Þið getið verið sérstaklega stolt af framtaki ykkar og dugnaði. Ég er búinn að læra margt af því að fylgjast með ykkur og ég vona að ég hafi kennt ykkur eitthvað líka.

Í dag fá allir viðurkenningarskjal fyrir að hafa tekið virkan þátt í Aflatún félaginu og fyrir að hafa lagt sig fram við að bæta umhverfið, samfélagið og okkur sjálf. Ég vona að ég heyri í ykkur aftur í framtíðinni. Haldið áfram að vera dugleg og haldið áfram að vera stoltir Aflatún félagar.

Kær kveðja, Logi Aflatún.



## Skemmtilegir leikir

Hér eru gefnar hugmyndir að nokkrum skemmtilegum leikjum. Tilvalið er að nota leikina í bland við annað námsefni í þessu hefti. Leikirnir geta þess vegna verið í aðalhlutverki á einhverjum fundum í Aflatún félaginu.

### Nafnaleikurinn

Þessi leikur hentar sérstaklega vel ef krakkarnir í Aflatún félaginu þekkjast ekki fyrir. Standið og myndið hring. Látið orðið ganga þannig að hver og einn kynni sig með nafni en gerir um leið einhverja tiltekna hreyfingu (t.d. snýr sér einn hring eða hoppar á öðrum fæti). Engir tveir mega vera með sömu hreyfinguna. Sá sem er að kynna sig þarf að fara í gegnum öll nöfnin sem þegar hafa verið kynnt í réttari röð og gera tilheyrandi hreyfingu áður en hann kynni sjálfan sig.

### Stólaleikur

Raðið stólum í hring en hafið stólana einum færri en nemendur. Allir sitja nema sá sem gengur af, hann stendur í miðjunni. Sá í miðjunni á að hrósa félögum sínum með því að segja til dæmis: „Mér finnst flott að vera í blárri peysu.“ Þá eiga allir sem eru í blárri peysu að standa upp og skipta um sæti. Sá í miðjunni reynir einnig að finna sér sæti í hamagangnum. Sá sem gengur af verður að hrósa félögum sínum til að fá sæti.

### Tíu fingur

Sitjið saman í hring eða þannig að allir heyri vel í öllum. Allir halda tíu fingrum á lofti. Byrjaðu á því að segja einhverja staðreynd um þig, til dæmis: „Ég hef komið til Danmerkur.“ Allir sem **ekki** hafa komið til Danmerkur þurfa þá að taka einn fingur niður og halda þá aðeins níu fingrum uppi. Sessunautur þinn tekur þá við og á að segja staðreynd um sjálfan sig og svo koll af kolli þar til allir hafa sagt staðreynd um sjálfan sig. Sá sem er með flesta fingur á lofti að lokinni heilli umferð vinnur. Þá er einnig hægt að spila áfram uns allir hafa tekið alla tíu fingur niður nema sigurvegarinn. Athugið að best er að reyna að segja eitthvað sérstakt eða einstakt um sjálfan sig og reyna þannig að fá sem flesta til að taka niður fingur.

### Bundin í hnút

Krakkarnir mynda hring með því að standa og haldast í hendur. Þau ganga svo hvert undir annað, án þess að missa takið, uns stærðarinnar flækja hefur myndast. Markmiðið með leiknum er að leysa úr flækjunni án þess að takið slitni þannig að heill hringur myndist aftur. Best er því að vinna saman og fara sér hægt.

## Látbragðsleikur

Skiptið hópnum upp í smærri hópa eða pör. Hvert par fær svo verkefni frá leiðbeinandanum. Leiðbeinandinn á að hvísla að þeim einhverju sem þau eiga að leika saman með látbragði (án þess að tala) á meðan restin af hópnum reynir að giska á hvað parið er að látbragðsleika. Tilvalið er að fá þau til að leika eitthvað sem tengist Aflatún námsefninu, t.d. að spara, að flokka rusl og endurvinna o.s.frv.

## Myndastyttur

Fáið krakkana til að standa og mynda hring þannig að allir snúa út úr hringnum með bakið að miðju hans. Hafið gott bil á milli ykkar. Segðu krökkunum að þú ætlir að telja upp að þremur og kalla svo upp einhverja tilfinningu. Þá eiga þau að snúa sér við snarlega og um leið búa til myndastyttu út eigin líkama sem túlkar þá tilfinningu. Þú segir þá til dæmis: „Einn, tveir, þrír... hamingja!“. Myndastyttur eiga að vera hreyfingarlausar og hljóðlausar. Krakkarnir eiga að halda myndastyttunni í örlítinn tíma en mega svo skoða túlkanir hvers annars áður en haldið er áfram. Þau snúa sér þá aftur við, mynda hinn upphaflega hring og þú lest nýja tilfinningu. Hugmyndir að því sem krakkarnir geta túlkað:

- Hamingja
- Óhamingja
- Sorg
- Leið/ur
- Spennt/ur
- Hissa
- Ringluð/aður
- Ánægð/ur
- Þreytt/ur
- Uppnám
- Meidd/ur
- Reið/ur

Hægt er að nota sömu tilfinninguna tvisvar og fá þannig fleiri en eina túlkun á sömu tilfinningunni frá hverjum og einum. Leikurinn getur verið ágætis inngangur að umræðu um tilfinningar og mikilvægi þess að geta túlkað eigin líðan og að geta sagt öðrum frá líðan sinni. Þá væri hægt að spyrja krakkana hvort þau muni eftir atvikum í lífi sínu þar sem þau fundu þessa tilteknu tilfinningu sem þau voru að túlka og leiða sig áfram þaðan. Hafi tilfinningin verið neikvæð, t.d. reiði, er hægt að leita lausna með því að spyrja hvað er hægt að gera til að losna við reiðina.

## Hópmyndir

Skiptið nemendum niður í 3-5 manna hópa. Hóparnir eiga að vinna saman að því að búa til samhæfðan hóp af hreyfingar- og hljóðlausum myndastyttum. Veldu einn hóp til að sýna öllum hvernig á að bera sig að í leiknum með því að stilla hópnum þannig upp að allir meðlimir hans séu að spila á eitthvað hljóðfæri. Munið að nota alla líkamann, grettur og svipi líka. Hóparnir dreifa sér svo um stofuna og skapa sameiginlega sínar myndastyttur. Hóparnir geta ýmist fengið að skapa sín eigin

verk frá grunni eða eftir fyrirmælum frá leiðbeinanda. Þegar túlkanir hópanna eru svo sýndar öllum í lokin geta „áhorfendur“ fengið að giska á hvaða mynd er hvað. Dæmi um fyrirmæli væri: „(Ó)hamingjusöm fjölskylda“ og „Vinahópur að skemmta sér“.

## Að túlka tilfinningar

Notið listann af tilfinningum í leiknum hér að framan (Myndastyttur), bætið við listann eftir þörfum. Skriði tilfinningarnar á litla miða. Hver tilfinning á að vera á tveimur miðum nema ein þeirra sem á aðeins að vera á einum miða. Dreifið svo miðunum til nemenda þannig að tveir og tveir séu með sömu tilfinningun nema einn. Enginn má tala eða sýna öðrum hvað stendur á miðanum sínum. Nemendur eiga að dreifa sér um stofun og leika sína tilfinningu með látbragði. Markmiðið er að para sig saman þar til einn gengur af. Hver og einn á að reyna að finna þann sem hann heldur að sé með sömu tilfinningu skrifaða á sinn miða. Þegar einhver einn stendur eftir má svo athuga hve vel hefur gengið.

## Völundarhús

Búið til stórt völundarhús (eða flókna og krókkótta leið), t.d. með því að líma pappírlengjur eða málningarlímband á gólfið eða raða einhverjum hlutum eftir gólfinu, t.d. keilum eða stólum. Nemendur vinna saman í pörum, annar með bundið fyrir augun og hann/hún verður að treysta á félagan sinn að leiða sig gegnum völundarhúsið án þess að stíga á línuna/fella keilurnar. Margir geta svo glímt við völundarhúsið í einu og þá reynir á að rekast ekki á hina. Hér er mikilvægt að treysta félagan sínum og halda ró sinni, gefa skýr fyrirmæli og missa ekki móðinn þótt illa gangi fyrst. Endurraðið völundarhúsinu og gerið það flóknara eftir því sem krakkarnir verða betri.

Þennan leik er einnig hægt að leika án þess að búa til völundarhús. Krakkarnir vinna þá saman í pörum með svipuðum hætti en í stað þess að fara um völundarhús ganga þau um skólastofuna og þurfa sem fyrr að reiða sig á leiðbeiningar félagans síns. Markmiðið er þá að rekast ekki á neitt inni í stofunni, ekki heldur á alla hina krakkana sem eru með bundið fyrir augun.

## Hraðsending

Raðið stólum í tvær raðir sem snúa á mótum hver annarri, hafið u.þ.b. tvo metra á milli þeirra. Nemendur fá sér sæti en leiðbeinandinn stendur á öðrum endanum. Á hinum endanum í hvorri röð er autt sæt þar sem koma á fyrir einhverjum litlum hlut, t.d. bolta eða plastglasi. Sá sem situr á endanum á að geta náð þessum hlut auðveldlega án þess að standa upp. Nemendur haldast í hendur fyrir aftan bak þannig að röðin á mótum sjái ekki hendur þeirra. Leiðbeinandinn kastar upp pening og sýnir aðeins þeim tveimur nemendum sem sitja á þeim enda sem leiðbeinandinn stendur hvað kemur upp, einum nemanda í sitt hvorri röðinni. Ef skjaldamerkið kemur upp eiga nemendurnir á endanum að senda skilaboð eftir röðinni með því að kreista hönd sessunaut síns sem kreistir þá hönd þess sem heldur í hina hendi hans o.s.frv. Þegar skilaboðin komast á hinn endann á sá sem þar situr að lyfta þeim hlut sem er á endastólum. Það lið sem lyftir hlutnum fyrst vinnur þá umferð og þá færa sig allir í því liði um eitt sæti. Það lið vinnur sem nær að færa allan hópinn heilan hring þannig að allir skila sér að lokum í upphaflegt sæti sitt. Sendi lið skilaboð án þess að skjaldamerkið hafi komið upp þurfa allir í



liðinu að færa sig um eitt sæti í öfuga átt. Öll samskipti utan þess að kreista hönd sessunaut síns eru bönnuð, þannig má ekki stoppa skilaboð sem lögð eru af stað með því að kalla á liðsfélaga sína.

### „Ef ég væri ...“

Standið og myndið hring. Notið setninguna: „Ef ég væri ..., þá myndi ég...“ til að láta orðið ganga frá manni til manns í hringnum. Sá sem byrjar segir þá t.d.: „Ef ég væri þreyttur...“. Sá sem tekur við orðinu verður að klára setninguna áður en hann sendir orðið áfram, t.d. með svarinu: „...þá myndi ég fara að sofa. Ef ég væri í fangelsi...“. Sá sem tekur við segir þá t.d.: „...þá myndi ég reyna að flýja. Ef ég væri ósýnilegur...“ og svo koll af kolli. Forðist endurtekningar. Markmiðið er að láta orðið ganga sem allra hraðast heilan hring án þess að nokkrar endurtekningar eigi sér stað. Hægt er að breyta þessu í keppni með því að mynda tvo hringi. Keppnin snýst þá um að láta orðið ganga heilan hring án þess að endurtekning eigi sér stað og sá hópur vinnur sem er fyrri til að klára heilan hring.

## Viðbótarverkefni

### Aflatún félagið sem drifkraftur breytinga

Búið til fleiri aðgerðaáætlanir (sambærilega við þá sem gerð er á fundi 2). Veltið upp spurningunni: Hvað getum við gert – sem einstaklingar og hópur – til að vera afl breytinga í lífi okkar og annarra í kringum okkur? Getum við t.d. haldið tombólu eða safnað dósum og gefið peninginn til góðgerðarmála? Eða langar okkur að gera eitthvað annað? Getum við að farið í einhvers konar átak gegn stríðni og einelti? Ræðið saman og búið til áætlun um hvernig hópurinn ætlar að vera afl breytinga í samfélaginu. Hvaða samfélagslega mikilvægu málefni látum við okkur varða og hvernig getum við lagt okkar að mörkum? Hér er mikilvægt að leggja áherslu á það að verkefnið sé sprottið frá nemendum sjálfum og að þau ákveði sameiginlega hvaða „krefjandi verkefni“ eða „samfélagsmein“ þau ætla að vinna á og hvernig. Aðgerðaráætlunin á að vera lausnamiðuð, það er alltaf hægt að gera eitthvað og munið að það þarf ekki að vinna hverja einustu orrustu til að breyta einhverju í heiminum.

### Framtíðardraumar

Látið nemendur hafa skapalón af fimmarma stjórnun. Hver og einn nemandi teiknar eftir stjórnunni á blað og klippir út stjórnuna sína. Á stjórnuna á svo að skrifa (eða teikna mynd sem táknar) einhvern framtíðardraum nemandans. Framtíðardraumarnir mega vera af hvaða tagi sem er. Að því loknu fá nemendur skapalón af einhverju öðru og klippa út tvö eintök af þeirri teikningu, þau geta líka notað lófann á sér sem skapalón. Inn í þessi tvö skapalón á að skrifa annars vegar hvað nemandinn sjálfur þarf að gera eða leggja sig fram við að gera til að draumurinn verði frekar að veruleika, og hins vegar hvaða einstaklinga (t.d. innan fjölskyldu og vinahóps) nemandinn treystir á til að styðja sig og aðstoða við að láta drauminn verða að veruleika. Festið svo þessi tvö skapalón við stjórnuna með 20-30 cm löngu bandi eða heftið saman.

### Turninn

Þetta verkefni reynir á samvinnu, hæfni til að greina og leysa vandamál og taka ákvarðanir. Fjórir til fimm nemendur vinna saman. Áður en hafist er handa þarf að safna saman gömlum pappír og dagblöðum, kössum, klósettrúlluhólkum og öðru sambærilegu. Hafið einnig límband tiltækt og hugsanlega snæri. Úr hráefninu eiga krakkarnir að byggja turn sem á að geta staðið óstuddur. Til þess þurfa þau að vinna saman og byrja á því að treysta undirstöðurnar og beita skynsemi. Ræðið um mikilvægi samvinnu í þessu samhengi og um mikilvægi þess að greina vandamál sem upp koma rétt svo leysa megi úr þeim.



## Hóparnir okkar

Notið töflu eða stórt blað og gerið lista yfir alla þá hópa (fyrir utan Afltaún félagið) sem krakkarnir tilheyra, svo sem íþróttafélög, skátarnir, spila á hljóðfæri o.s.frv. Passið upp á að allir tilheyri í það minnsta einum hópi. Hægt er að teikna mengi á töfluna þar sem hvert mengi táknar hvern hóp og nöfn krakkanna eða einfaldar myndir af þeim sem þau geta teiknað sjálf eru svo festar inn í mengin. Þannig fæst sjónræn framsetning á því hvernig hvert og eitt fellur í fleiri en einn hóp og hvernig meðlimir Afltaún félagsins tengjast með margvíslegum hætti utan hans.

Önnur útgáfa af þessum leik, sem má nota sem forleik eða framhald af honum, er að dreifa hópnum um stofuna og kalla svo: „Hópið ykkur saman eftir kyni/heimabæ/hárlit/o.s.frv.“

## Þarfir og langanir

Ræðið saman um muninn á þörfum og löngunum. Það er mjög mikilvægt að átta sig á þessum mun til að geta tekið skynsamlegar ákvarðanir í fjármálum. Af hverju er mikilvægt að mæta þörfum okkar áður en við förum að fullnægja löngunum okkar? Og hvernig tengjast þarfir réttindum okkar (sjá fund 7 um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna). Fá öll börn í heiminum í dag þörfum sínum mætt?

Tengið einnig umræðuna um langanir við auglýsingar sem herja á okkur hvern einasta dag. Auglýsingar eru ekkert slæmar í eðli sínu, þær þjóna oft mikilvægu hlutverki, en eigum við að trúá öllu sem þær segja? Þurfum við ekki stundum að staldra við og velta fyrir okkur: „er þetta satt?“ eða „þarf ég þetta virkilega?“ Talið um mikilvægi þess að efast og nauðsyn þess að kynna sér málin vel. Talið um mikilvægi þess að taka skynsamlegar og upplýstar ákvarðanir, ekki síst í fjármálum. Oft er líka gott að bíða og sjá hvort maður vill virkilega eignast eitthvað og endurmeta afstöðu sína eftir umhugsunartíma.

Takið dæmi af ýmsum hlutum sem krakkarnir nota dags daglega; hvað er til að mæta þörfum og hvað er til að mæta löngunum?

Í kjölfarið á umræðunum er hægt að nota gömul blöð og auglýsingabæklinga til að klippa út alls kyns hluti. Úrklippurnar eru svo límdar á tvö veggspjöld. Annað veggspjaldið geymir á þarfir (föt, mat, húsaskjól, eitthvað tengt skóla, heilsugæslu og heilbrigðu umhverfi o.s.frv.) og hitt veggspjaldið geymir þá langanir, þ.e. eitthvað sem krakkana langar í en þarfnast ekki nauðsynlega.

Þá er einnig hægt að skipta hópnum niður í smærri hópa. Hver hópur á svo að gera lista yfir sjö hluti sem þau sem hópur mættu taka með sér á eyðieyju. Þegar listinn er tilbúinn skaltu svo biðja hópinn um að fækka hlutum á listanum niður í fjóra. Markmiðið er að allir vinni saman og komi sér saman um þessa hluti eftir gagnrýnar umræður um mikilvægustu þarfir mannsins.

## Alþjóðlegi Afltaún dagurinn 17. mars

Þann 17. mars árið 2008 var Afltaún herferðinni hleypt af stokkunum en hún fól í sér væntingar um hraðari og meiri dreifingu Afltaún en áður. Fjórum árum síðar náði Afltaún til meira en einnar milljónar barna og skipulögð samfélagsleg og/eða fjárhagsleg verkefni sem stofnað hafði verið til að frumkvæði þessara barna voru ekki færri en 10.000. Af þessu tilefni var ákveðið að gera 17. mars að alþjóðlegum Afltaún degi. Afltaún félag í 44 löndum skipulögðu sérstaka dagskrá í tilefni dagsins árið 2012 og félag frá 33 þeirra tóku þátt í sameiginlegri Skype útsendingu (sem stóð allan daginn) sem

tengdi saman Aflatún félög úr öllum heimshornum. Gert er ráð fyrir halda þennan dag hátíðlegan á hverju ári og eru íslensk Aflatún félög hvött til að skipuleggja dagskrá og taka þátt í Skype útsendingunni.

Meðal þess sem Aflatún félög um allan heim hafa gert er að skipuleggja vettvangsferðir þennan dag, önnur setja upp sýningu með afrakstri Aflatún félagsins og halda kynningu eða opinn fund í Aflatún félaginu þar sem foreldrum og öðrum er boðið að taka þátt og kynnast starfseminni. Þá hafa Aflatún félög víða nýtt þennan dag til að bjóða ýmsum góðgerðarsamtökum krafta sína.

## Innkaupalisti og verðkönnun

Farið yfir grundvallaratriðin í því að búa til innkaupalista. Af hverju er mikilvægt að skipuleggja sig og búa til innkaupalista áður en haldið er af stað í verslunarleiðangur? Lykilatriði þegar halda á vel á spilunum varðandi útgjöld er að skipuleggja sig vel og setja sér grunnreglur. Ein þessara reglna getur verið að búa alltaf til innkaupalista yfir það sem þarf að kaupa áður en haldið er út í búð og halda sig svo við hann (annars er lítið gagn af honum). Innkaupalistar eru svo auðvitað líka gagnlegir til þess einfaldlega að muna hvað vantar hverju sinni. Allir sem vilja halda vel utan um fjármál sín og taka skynsamlegar ákvaðanir í fjármálum þurfa einnig að kunna að framkvæma einfalda verðkönnun, einkum þegar á að kaupa hluti í dýrari kanntinum sem eiga að endast. Einfaldast er að framkvæma verðkönnun á Netinu en oft er líka skynsamlegt að fara á þá staði sem selja vöruna og bera saman verð og gæði. Setjið í samhengi við veruleika nemenda, takið t.d. dæmi af því þegar einhver hefur fengið leyfi heima til að kaupa t.d. tölvuleik. Hvernig er best að bera sig að? Það eru yfirleitt fleiri en einn staður þar sem hægt er að kaupa tölvuleiki. Hvernig athugum við hver sé með lægsta verðið?

## Það sem Aflatún félagar venja sig á að gera reglulega

Hér er hugmyndin að hver nemandi fái útprent af næstu síðu og taki með sér heim. Næstu átta dagana getur hver nemandi svo fengið einhvern heima til að hjálpa sér að merkja við hvort einhver verkefni á blaðinu voru framkvæmd. Best er að merkja við á í lok hvers dags. Sum þessara verka þarf að gera daglega og því meiri líkur á að nemendur fái tækifæri til að spreyta sig á þeim. Önnur þarf að gera sjaldnar. Listinn er hugsaður til þess að sýna nemendum að þeir geti lagt sitt af mörkum, til að skapa hvata til að sinna þessum verkefnum og til að fá örlitla yfirsýn yfir fjölbreytt verkefni daglegs lífs.

Að vera Aflatún félagi er að vera góður og ábyrgur einstaklingur sem gerir eins vel og hann getur í hvert sinn sem hann tekur sér eitthvað fyrir hendur. Það er ekki nauðsynlegt að gera allt, og hvað þá á hverjum einasta degi. Að borða hollan og góðan mat er þó dæmi um eitthvað sem er mjög skynsamlegt er að gera á hverjum degi. Ræðið um hvað það er á listanum sem skynsamlegt er að gera á hverjum degi. Það skiptir líka máli að merkja við í töfluna af heiðarleika og svindla ekki. Sá sem er óheiðarlegur er bara að svindla á sjálfum sér. Nemendur eiga sjálfir að bera ábyrgð á sínu blaði heima en fá einhvern til að hjálpa sér ef þarf. Eftir átta daga eða meira getið þið svo rætt um verkefnið og hvernig það hafi gengið.

Ég mundi eftir að...	Dagur 1	Dagur 2	Dagur 3	Dagur 4	Dagur 5	Dagur 6	Dagur 7	Dagur 8
borða hollan og góðan mat	X							
setja pening í sparibaukinn minn og láta kvitta fyrir								
slökkva ljósin og spara rafmagn								
setja í skólatöskuna mína								
gera heimavinnuna mína og skila á réttum tíma								
ganga vel um nágreppi mitt og tína upp rusl								
flokka flöskur, dósir, fernur og blöð frá öðru rusli								
búa um rúmið mitt								
fara út með ruslið								
taka til í herberginu mínu								

Nafn: \_\_\_\_\_

Merktu við eftir hvernig dag, í átta daga í röð. Mundu að sumt á listanum hér að ofan þarf ekki að gera á hverjum degi en allt eru þetta hlutir sem gott er að venja sig á að gera reglulega. Þú getur gert marga, hjálpað fjölskyldunni þinni og hugsað vel um umhverfið. Ef eitthvað er erfitt eða flókið skaltu fá einhvern heima til að hjálpa þér.

